

## MINNISBLAÐ

---

**Til:** Stjórnar Strætó bs.

**Frá:** ADVEL lögmönnum slf. og Mannviti hf.

**Dags.:** 19. júní 2020

**Efni:** Mat á tilboðum útboðs Strætó bs. nr. 14799

---

### I. Inngangur

Strætó bs., kt. 500501-3160, Hesthálsi 14 í Reykjavík (hér eftir „kaupandi“) hefur farið þess á leit við ADVEL lögmenn slf. (hér eftir „ADVEL“) og Mannvit hf. (hér eftir „Mannvit“) að veitt verði sérfræðileg ráðgjöf við mat á yfirferð tilboða í útboði Strætó bs. nr. 14799.

Aðkoma ADVEL og Mannvits fólst í ráðgjöf gagnvart kaupanda í matsferlinu svo og sérfræðilegu mati á innsendum tilboðum á grundvelli útboðsgagna til samræmis við ákvæði laga um opinber innkaup nr. 120/2016 með síðari breytingum (oil). Útboðið var auglýst af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem jafnframt hafði milligöngu um samskipti við bjóðendur.

Með minnisblaði þessu verður mat á tilboðum fyrstu fimm bjóðenda í útboðinu rakið. Nánar tiltekið verður í II. þætti fjallað með almennum hætti um útboðið og innsend tilboð. Í III. þætti verður umfjöllun um tilboð bjóðenda gerð skil. Þá verður í IV. – VIII. þætti fjallað um mat á tilboðum bjóðenda. Niðurstöður um mat á tilboðum verða að lokum teknar saman í IX. þætti.

### II. Útboð nr. 14799 og innsend tilboð

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir „innkaupaskrifstofan“) auglýsti útboð kaupanda nr. 14799, „[s]ameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“ (hér eftir „útboðið“) þann 30. mars 2020 á vef innkaupaskrifstofunnar og á Evrópska efnahagssvæðinu. Útboðsgögn voru afhent á útboðsvef þann 2. apríl 2020 og þá var auglýsing um útboðið birt í dagblöðum þann 4. apríl 2020.

Bjóðendum gafst frestur til að senda inn fyrirspurnir í útboðinu til og með 27. apríl 2020. Þrjár fyrirspurnir frá væntanlegum bjóðendum bárust á fyrirspurnartíma auk erindis frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Innsendar fyrirspurnir og svör kaupanda voru birt þann 30. apríl 2020. Tilboð voru opnuð í samræmi við útboðsskilmála á opnunarfundum sem hófst kl. 10:00 þann 7. maí 2020. Samkvæmt útboðsskilmálum skulu tilboð gilda í átta vikur frá opunardegi þeirra eða til og með 24. júní 2020.

Útboðsgögn samanstóðu af útboðslýsingu nr. 14799 (hér eftir „útboðsskilmálar“) svo og öðrum gögnum sem tilgreind eru í gr. 0.1.3 útboðsskilmála, þ.m.t. tveimur viðaukum sem sendir voru bjóðendum á tilboðsfresti sbr. fundargerð opnunarfundar dags. 7. maí 2020. Í viðauka 1, dags. 30. apríl 2020, var

gerð grein fyrir almennum fyrirspurnum sem bárust á tilboðsfresti og svörum kaupanda við þeim. Í viðauka 2, dags. 30. apríl 2020, er gerð grein fyrir fyrirspurn Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) og svörum kaupanda við þeim.

Alls bárust sex tilboð í útboðinu og voru þau opnuð á boðuðum opnunarfundi tilboða. Röð tilboða frá því lægsta til þess hæsta er eftirfarandi, skv. fundargerð opnunarfundar:

<b>Nr.</b>	<b>Bjóðandi</b>	<b>Heildarverð</b>
1	Ferðó ehf.	ISK 2.953.820.000
2	Akstursþjónustan ehf.	ISK 3.224.500.000
3	Snæland Grímsson ehf.	ISK 3.776.300.000
4	Toppa ehf.	ISK 3.920.150.000
5	Hópbílar hf.	ISK 4.244.715.000
6	Teitur Jónasson ehf.	ISK 4.309.998.500
	<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>ISK 4.500.000.000</b>

### III.

#### Um mat á tilboðum bjóðenda

Mat á tilboðum bjóðenda var unnið í þverfaglegu samstarfi Mannvits og ADVEL í hefðbundnu samstarfi við fulltrúa kaupanda og innkaupaskrifstofunnar. Þá voru afmörkuð álitæfni borin undir sérfræðing í opinberum útboðsrétti hjá embætti Borgarlögmans.

Fram komin tilboð bjóðenda voru yfirfarin og metin á grundvelli krafna útboðsskilmála um hæfi bjóðenda sem og á grundvelli tæknilýsingar og valforsendna útboðsskilmála. Forsendur kaupanda um val á tilboðum eru að samið verði við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboðið á grundvelli lægsta verðs sbr. gr. 0.8 í útboðsskilmála.

Af lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (oil.) leiðir að uppfylli bjóðandi ekki allar hæfiskröfur útboðsskilmála telst tilboð hans ógilt. Þar af leiðandi er ekki nauðsynlegt að meta tilboð bjóðanda með tæmandi hætti ef ein hæfiskrafa reynist ekki uppfyllt. Þó var ákveðið, í samráði við fulltrúa kaupanda, að gera í minnisblaði þessu grein fyrir heildarmati á tilboðum bjóðanda nr. 1-4 með hliðsjón af öllum hæfiskröfum útboðsskilmála. Þá verður eðli málsins samkvæmt gerð grein fyrir heildarmati á tilboði bjóðanda nr. 5. Umfjöllun um tilboð bjóðenda verður hagað með eftirfarandi hætti: (a) mat verður lagt á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda, fjárhagslegs hæfis og tæknilegs og faglegs hæfis út frá framlögðum gögnum bjóðanda og lágmarkskröfum útboðsskilmála; (b) mat verður lagt á hvort að gögn bjóðanda hafi verið áfátt að einhverju leyti og tekin afstaða til þess hvort kaupanda sé heimilt að bjóða bjóðanda að leggja fram skýringar og/eða gögn (hér eftir „skýringarviðræður“); (c) þó verður ekki tekin afstaða til heimildar kaupanda til skýringarviðræðna vegna gagna um hæfi vegna starfsréttinda eða fjárhagslegt hæfi ef fyrir liggur að kaupandi uppfyllir ekki lágmarkskröfur vegna tæknilegs og faglegs hæfis; (d) ef heimild til skýringarviðræðna er ekki talin vera fyrir hendi eða ekki er tekin afstaða til hennar sbr. framansagt verður lagt til grundvallar að bjóðandi uppfylli ekki viðkomandi hæfiskröfu; (e) við lok umfjöllunar um tilboð bjóðanda verða niðurstöður um hæfi hans dregnar saman og því tengt hvort tilboð hans teljist gilt.

#### IV. Mat á tilboði Ferðó ehf.

Ferðó ehf. er bjóðandi nr. 1 en fylgigögn tilboðsins voru send kaupanda í eftirfarandi 14 innsendum skráum:

- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Almennt rekstrarleyfi.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Gæðastj\_.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Helstu stjórnendur og yfirl.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_líseyrissj.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_rsk.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Stjórn\_og starfsm.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Tilboðsblað 1.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_tilb\_skr.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Tækjalisti.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_undirv.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Verktrygging.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Vottorð úr fyrirtækjaskrá.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_yfirl..pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_ársreikn. 2018 2.pdf

#### **1. Mat á hæfi vegna starfsréttinda sbr. gr. 0.10.1 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna starfsréttinda eru tvíþættar um skráningar bjóðenda sem eru lögaðilar í fyrirtækjaskrá og rekstrarleyfi bjóðenda.

*Krafa um skráningu í fyrirtækjaskrá:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skráningu í fyrirtækjaskrá er að „[b]jóðendur sem eru lögaðilar skuli vera skráðir í fyrirtækjaskrá. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað vottorði úr fyrirtækjaskrá RSK, útgefið 4. febrúar 2020, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Vottorð úr fyrirtækjaskrá.pdf.

*Krafa um rekstrarleyfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um rekstrarleyfi er að „[b]jóðendur [skuli] hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi“. Þá var jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.“

Með tilboði bjóðanda var skilað almennu rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Almennt rekstrarleyfi.pdf. Starfsleyfið er útgefið, staðfest og stimplað af Samgöngustofu þann 24. júlí 2019 og gildir til 24. júlí 2024.

*Niðurstaða mats á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur vegna starfsréttinda.

#### **2. Mat á fjárhagslegu hæfi bjóðanda sbr. gr. 0.10.2 útboðsskilmála (fskj. I kafli, v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna fjárhagslegs hæfis eru þríþættar um skil á opinberum gjöldum, skil á lífeyrissjóðsgjöldum og um eiginfjárstöðu bjóðenda.

*Krafa um skil á opinberum gjöldum:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skil á opinberum gjöldum er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með opinber gjöld. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestingu Fjársýslu ríkisins um stöðu hjá innheimtumanni ríkissjóðs, dags. 24. apríl 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_rsk.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með opinber gjöld.

*Krafa um skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða:*

Lágmarkskrafa kaupanda er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. [...]“ Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað gögnum um stöðu lífeyrissjóðsiðgjalda hjá þremur lífeyrissjóðum sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_líseyrissj.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

*Krafa um eiginfjárstöðu bjóðanda:*

Lágmarkskrafa kaupanda um fjárhagslegt hæfi er jafnframt „[b]jóðandi [skuli] vera vera með jákvætt eigið fé. [...]“ Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað ársreikningi fyrir árið 2018, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_ársreikn. 2018 2.pdf*. Eigið fé bjóðanda er jákvætt við árslok 2018. Ársreikningur er ekki áritaður af löggiltum endurskoðanda og uppfyllir því ekki nefnda kröfu útboðsgagna um framlögð gögn.

*Niðurstaða mats á fjárhagslegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna fjárhagslegs hæfis bjóðenda voru ekki öll í samræmi við áskilnað útboðsskilmála en framlagður ársreikningur er ekki endurskoðaður og áritaður. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Með vísan til niðurstöðu 3. kafla um tæknilegt og faglegt hæfi verður ekki lagt mat á heimildir kaupanda til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda vegna framlagðs ársreiknings. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna fjárhagslegra hæfiskrafna.

### **3. Mat á tæknilegu og faglegu hæfi sbr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna tæknilegs og faglegs hæfis eru þríþættar um reynslu bjóðanda, tæknilegt hæfi og kröfur um gæðastjórnun.

*Krafa um reynslu:*

Lágmarkskrafa kaupanda um reynslu er að „[b]jóðandi [skuli] tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins. Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.“ Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili tvennskonar gögnum tengdum þessari kröfu. Annars vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá

og starfsreynslu“ og hins vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Stjórn\_og starfsm.pdf* og einnig 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Helstu stjórnendur og yfirl.pdf*. Stjórnendur eru allir sagðir hafa meira en 3 ára starfsreynslu á síðustu 10 árum hjá tilgreindu einkahlutafélagi sem sagt er samningshafi hjá Ferðapjónustu fatlaðra [REDACTED]. Þá eru nefndir bifreiðastjórar sem allir eru sagðir hafa við akstur á fötluðum einstaklingum, þar af flestir með meira en 3 ára starfsreynslu á síðustu 10 árum. Starfsreynsla framkvæmdastjóra félagsins er tilgreind með ítarlegri hætti en annarra starfsmanna. Þá er reynsla fjármálastjóra og flotastjóra tilgreind. Í gögnum þessum kemur ekki fram hvaða starfsmaður bjóðanda muni hafa umsjón með framkvæmd samningsins eins og áskilið er í nefndri kröfu útboðsskilmála.

#### *Krafa um tæknilegt hæfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um tæknilegt hæfi er að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“. Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skuli „skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlitunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“.

Lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjölda og útbúnað framboðinna hópferðabifreiða eru tilgreindar í gr. 2.0.7 útboðsskilmála (sjá fskj. I, kafla viii). Verður hér gerð grein þeim fyrir hluta lágmarkskrafna bjóðanda sem tilefni er til umfjöllunar með hliðsjón af tilboði bjóðanda en í 10. – 11. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála segir:

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Lagt verður til grundvallar að af framangreindu leiði *í fyrsta lagi* að lágmarkskröfur kaupanda til eiginleika framboðinna hópferðabifreiða séu eftirfarandi: (1) að þær séu fyrir 9 farþega; (2) að bifreiðarnar séu sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum; (3) að í hverri bifreið skuli vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými. *Í öðru lagi* að lágmarkskröfur kaupanda samkvæmt framansögðu séu að seljandi hafi þann 1. júlí 2020 yfir að ráða a.m.k. 25 bifreiðum með framangreindum eiginleikum og þann 1. september 2020 skuli fjöldi þeirra vera a.m.k. 45. *Í þriðja lagi* að framboðnar bifreiðar uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sbr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála með þeirri tímabundnu undanþágu að fram til 1. júlí 2021 er bjóðanda heimilt að notast við bifreiðar sem hafa rampa í stað lyftna og ekki eru með myndavélakerfi sbr. 12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála. Undanþága þessi var áréttuð í svari kaupanda við fyrirspurn nr. 3 í 1. viðauka við útboðsskilmála sem birt var 30. apríl 2020.

Bjóðandi skilaði með tilboði sínu skrá yfir [REDACTED] bifreiðar, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_Tækjalisti.pdf*. Skráin inniheldur upplýsingar um tegund bifreiðar, skráningarnúmer, árgerð, fjölda sæta, fjölda hjólastólustæða, upplýsingar um hvort lyfta sé í bifreið og hvort til staðar sé bakstuðningur.

Þar kemur fram að [REDACTED] bifreiðar hafi a.m.k. tvö stæði fyrir hjólastóla. Þá eru upplýsingar að öðru leyti takmarkaðar um eiginleika framboðinna bifreiða sbr. áskilnað útboðsskilmála um að bjóðandi skuli í skrá sinni yfir allar framboðnar bifreiðar „m.a. tilgreina [...]stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“. Framlögð gögn af hálfu bjóðanda eru því ófullnægjandi með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála enda hefur bjóðandi einungis lagt fram upplýsingar um umráð hans yfir [REDACTED] bifreiðum en ekki 45.

Verður þá tekið til skoðunar hvort kaupanda sé heimilt að eiga skýringarviðræður við bjóðanda eins og hann áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafla iii). Við mat á heimildum kaupanda til skýringarviðræðna skal líta til 5. mgr. 66. gr. oil. en af ákvæðinu leiðir að viðræður eru heimilar ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: (a) að framlögð gögn bjóðanda beri það með sér að vera ófullkomin, innihalda villur eða að tiltekin gögn vanti; (b) að skýringar eða viðbótarupplýsingar bjóðanda leiði ekki til breytingar á grundvallarþáttum tilboðs; þá mega (c) skýringar eða viðbótarupplýsingar ekki vera líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

Lagt verður til grundvallar að lágmarkskrafa útboðsskilmála um tæknilegt hæfi bjóðenda sbr. 3. mgr. gr. 0.10.3, þ.e. að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsskilmála“ (leturbreyting álitsveitenda) verði með hliðsjón af gagnakröfunni um að bjóðandi skili inn með tilboð sínu „skrá með [...]upplýsingum yfir allar [...] hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar“ ekki túlkuð á annan veg en að bjóðandi verði að skila með tilboði sínu gögnum með upplýsingum um: (a) umráð hans á fullnægjandi fjölda bifreiða sem boðnar eru til þjónustunnar í samræmi við lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála; og (b) upplýsingum um að eiginleikar 45 framboðinna bifreiða uppfylli að lágmarki kröfur sem leiða má af 10.-12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála sbr. fyrri umfjöllun. Lagt verður til grundvallar að kröfur þessar varði grundvallarþætti tilboðs. Bjóðandi hefur samkvæmt framansögðu aðeins lagt fram gögn um [REDACTED] bifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í gögnum bjóðanda er ekki að finna upplýsingar um aðrar framboðnar bifreiðar. Þá er jafnframt upplýst í gögnum bjóðanda að [REDACTED] af [REDACTED] framboðnum bifreiðum hafi að lágmarki tvö hjólastólstæði þrátt fyrir kröfu 10. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála um að allar framboðnar bifreiðar skulu hafa tvö hjólastólstæði auk a.m.k. fjögurra farþegasæta.

Framlögð gögn bjóðanda eru ófullnægjandi og þar með ófullkomin með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála. Hins vegar verður ekki ráðið af gögnunum að þau innihaldi villur eða tiltekin gögn vanti. Af gögnunum verður ráðið að fjöldi framboðinna bifreiða af hálfu bjóðanda sé [REDACTED] en ekki 45 í samræmi við lágmarkskröfur útboðsskilmála. Kröfur þessar lúta að grundvallarþáttum tilboðs. Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil eru því ekki uppfyllt um heimild kaupanda til skýringarviðræðna við bjóðanda vegna framlagðra gagna hans um tæknilegt hæfi enda er ljóst að bjóðandi uppfyllir ekki kröfur kaupanda um tæknilegt hæfi nema til komi upplýsingar sem muni leiða til efnislegra umbóta á grundvallarþáttum tilboðs bjóðanda og þar með brjóta í bága við meginreglu úboðsréttar um jafnræði bjóðenda.

#### *Krafa um gæðastjórnun:*

Lágmarkskrafa kaupanda um gæðastjórnun er að „[b]jóðandi [skuli] vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað inn upplýsingum um að Ferðó ehf. [REDACTED] [REDACTED], sbr. 14799 - *Sameigi Útboðsgögn nr. \_Ferðó ehf\_ Gæðastj\_.pdf*. Ekki voru önnur gögn lögð fram um góðastjórnun. Af upplýsingum bjóðanda sjálfs verður ráðið að [REDACTED].

*Niðurstaða mats á á faglegu og tæknilegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna faglegs og tæknilegs hæfis bjóðenda voru ekki í samræmi við áskilnað útboðsskilmála. Á það við um umkrafin gögn vegna lágmarkskrafna um reynslu, tæknilegt hæfi og gæðastjórnun. Virkjust því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil. fyrir heimild kaupanda til skýringarviðræðna eru ekki uppfyllt vegna gagna um tæknilegt hæfi og verður því ekki metið hvort skýringarviðræður teljist heimilar vegna umkrafinna gagna um reynslu og gæðastjórnun. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna faglegra og tæknilegra hæfiskrafna.

#### **4. Niðurstaða um mat á tilboði Ferðó ehf.**

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um hæfi vegna starfsréttinda. Bjóðandi uppfyllir hins vegar hvorki lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjárhagslegt hæfi né faglegt og tæknilegt hæfi.

Tilboð Ferðó ehf. er því ógilt í skilningi 82. gr. oil. en þar af leiðir að kaupanda er ekki stætt á öðru en að hafna tilboðinu sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

## **V.**

### **Mat á tilboði Akstursþjónustunnar ehf.**

Akstursþjónustan ehf. er bjóðandi nr. 2 en fylgigögn tilboðsins voru send kaupanda í eftirfarandi 14 innsendum skrá:

- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_arsreikningur2018\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_flotalisti\_6707992049.xlsx
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_fyrirtækjaskra\_vottord\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Gaedastjornunarkerfi.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Hæfni verktaka\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_rekstrarleyfi\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_samningstryggingar\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Skuldleysisvottord.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_stadf\_lifeyrissj.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_stjornendur\_starfsmenn\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Tilbodsblad\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Tilbodsskra\_6707992049.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_undirverktaka.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_yfirlýsing\_starfsmannakjor.pdf

#### **1. Mat á hæfi vegna starfsréttinda sbr. gr. 0.10.1 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna starfsréttinda eru tvíþættar um skráningar bjóðenda sem væru lögaðilar í fyrirtækjaskrá og rekstrarleyfi bjóðenda.

*Krafa um skráningu í fyrirtækjaskrá:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skráningu í fyrirtækjaskrá er að „[b]jóðendur sem eru lögaðilar skuli vera skráðir í fyrirtækjaskrá. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað vottorði úr fyrirtækjaskrá RSK, útgefið 4. maí 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_fyrirtækjaskra\_vottord\_6707992049.pdf*.

*Krafa um rekstrarleyfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um rekstrarleyfi er að „[b]jóðendur [skuli] hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi“. Þá var jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.“

Með tilboði bjóðanda var skilað almennu rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_rekstrarleyfi\_6707992049.pdf*, útgefið, staðfest og stimplað af Samgöngustofu þann 24. október 2018 og gildir til 24. október 2023.

*Niðurstaða mats á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur vegna starfsréttinda.

## **2. Mat á fjárhagslegu hæfi bjóðanda sbr. gr. 0.10.2 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna fjárhagslegs hæfis eru þrjúþættar um skil á opinberum gjöldum, skil á lífeyrissjóðsgjöldum og um eiginfjárstöðu bjóðenda.

*Krafa um skil á opinberum gjöldum:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skil á opinberum gjöldum er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með opinber gjöld. [...]“Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestingu Skattsins um skuldleysi bjóðanda við innheimtumann ríkissjóðs dags. 4. maí 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Skuldleysivottord.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með opinber gjöld.

*Krafa um skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða:*

Lágmarkskrafa kaupanda er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. [...]“Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað gögnum um stöðu lífeyrissjóðsiðgjalda hjá tveimur lífeyrissjóðum sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_stadf\_lífeyrissj.pdf*. Samkvæmt framlögðum gögnum er bjóðandi í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

*Krafa um eiginfjárstöðu bjóðanda:*

Lágmarkskrafa kaupanda um fjárhagslegt hæfi er jafnframt „[b]jóðandi [skuli] vera vera með jákvætt eigið fé. [...]“. Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað ársreikningi fyrir árið 2018, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_arsreikningur2018\_6707992049.pdf*. Eigið fé bjóðanda er jákvætt við árslok 2018.



Ársreikningur er ekki áritaður af löggiltum endurskoðanda og uppfyllir því ekki nefnda kröfu útboðsskilmála um framlögð gögn.

*Niðurstaða mats á fjárhagslegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna fjárhagslegs hæfis bjóðenda voru ekki öll í samræmi við áskilnað útboðsskilmála en framlagður ársreikningur er ekki endurskoðaður og áritaður. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Með vísan til niðurstöðu 3. kafla um tæknilegt og faglegt hæfi verður ekki lagt mat á heimildir kaupanda til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda vegna framlagðs ársreiknings. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna fjárhagslegra hæfiskrafna.

### **3. Mat á tæknilegu og faglegu hæfi sbr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna tæknilegs og faglegs hæfis eru þrjúþættar um reynslu bjóðanda, tæknilegt hæfi og kröfur um gæðastjórnun.

*Krafa um reynslu:*

Lágmarkskrafa kaupanda um reynslu er að „[b]jóðandi [skuli] tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins . Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.“ Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili tvennskonar gögnum tengdum þessari kröfu. Annars vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu“ og hins vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_stjornendur\_starfsmenn\_6707992049.pdf*. Þar er tilgreindur umsjónarmaður með verkinu og veittar upplýsingar um reynslu hans sem er í samræmi við kröfu útboðsskilmála. Þá er upplýst að tilgreindur einstaklingur beri ábyrgð á flotanum sem notaður verði til verksins upplýst [REDACTED]. Þá eru nefndir bifreiðastjórar og upplýst að þeir hafi starfsreynslu af sambærilegri þjónustu.

Með tilboði bjóðanda var einnig að finna upplýsingar um hæfni bjóðanda, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Hæfni\_verktaka\_6707992049.pdf*. Þar segir m.a. að stjórnendur bjóðanda hafa viðamikla reynslu í rekstri bifreiða við akstursþjónustu fatlaðra og þekki verkfyrirkomulag kaupanda fyllilega eftir 5 ár í vinnu við núverandi fyrirkomulag.

Bjóðandi hefur lagt fram umkrafðar upplýsingar um reynslu og uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála þar um.

*Krafa um tæknilegt hæfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um tæknilegt hæfi er að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“. Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skuli „skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“.

Lágmarkskröfur útboðskilmála um fjölda og útbúnað framboðinna hópferðabifreiða eru tilgreindar í gr. 2.0.7 útboðsskilmála (sjá fskj. I, kafli viii). Verður hér gerð grein þeim fyrir hluta lágmarkskrafna bjóðanda sem tilefni er til umfjöllunar með hliðsjón af tilboði bjóðanda en í 10. – 11. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála segir:

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Lagt verður til grundvallar að af framangreindu leiði *í fyrsta lagi* að lágmarkskröfur kaupanda til eiginleika framboðinna hópferðabifreiða séu eftirfarandi: (1) að þær séu fyrir 9 farþega; (2) að bifreiðarnar séu sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum; (3) að í hverri bifreið skuli vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými. *Í öðru lagi* að lágmarkskröfur kaupanda samkvæmt framansögðu séu að seljandi hafi þann 1. júlí 2020 hafa yfir að ráða a.m.k. 25 bifreiðum með framangreindum eiginleikum og þann 1. september 2020 skuli fjöldi þeirra vera a.m.k. 45. *Í þriðja lagi* að framboðnar bifreiðar uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sbr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála með þeirri tímabundnu undanþágu að fram til 1. júlí 2021 er bjóðanda heimilt að notast við bifreiðar sem hafa rampa í stað lyftna og ekki eru með myndavélakerfi sbr. 12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála. Undanþága þessi var áréttuð í svari kaupanda við fyrirspurn nr. 3 í 1. viðauka við útboðsskilmála sem birt var 30. apríl 2020.

Með tilboði bjóðanda var skilað skrá yfir ■■■ bifreiðar, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_flotalisti\_6707992049.xlsx*. Skráin sýnir fastanúmer, heiti tegundar og undirtegundar, árgerð, fjölda sæta og hjólastólustæða, staðsetningar trappa eða fótstiga, tegund gólfefnis, staðsetningu handfanga, hvernig hjólastólaútbúnaði er háttað. Þá er aukabúnaður bifreiða tilgreindur. Með tilboði bjóðanda var einnig að finna upplýsingar um hæfni Akstursþjónustunnar ehf., sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Hæfni verktaka\_6707992049.pdf*. Þar er fullyrt að „[bjóðandi] [hafi] yfir að ráða nægilegum fjölda bifreiða til að sinna verkefninu þegar samningur hefst 1. júlí og mun hafa yfir að ráða nægilegum fjölda bifreiða næsta haust þegar þörf hækkar skv. útboðslýsingu. Bifreiðarnar standast kröfur í útboðslýsingu.“

Af upplýsingum bjóðanda í nefndri skrá um eiginleika framboðinna bifreiða leiðir að ■■■ uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um að hafa tvö stæði fyrir hjólastóla auk fjögurra sæta í farþegarými að lágmarki. Utan nefndrar skrár lagði bjóðandi einungis fram eigin fullyrðingar sbr. framansagt. Því liggja ekki fyrir frekari gögn eða upplýsingar um framboðnar bifreiðar af bjóðanda hálfu, til að mynda liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort að fjöldi framboðinna bifreiða af hálfu bjóðanda þann 1. september 2020 verði í samræmi við lágmarkskröfur kaupanda. Þá eru upplýsingar að öðru leyti takmarkaðar um eiginleika framboðinna bifreiða og teljast ófullnægjandi með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála um framlögð gögn. Gögn sem innihalda einungis fullyrðingar bjóðanda sjálfs, sem jafnframt eru takmarðar að efni, eru ófullnægjandi. Þá eru upplýsingar að öðru leyti takmarkaðar um eiginleika framboðinna bifreiða og teljast ófullnægjandi með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála um framlögð gögn. Framlögð gögn bjóðanda vegna tæknilegs hæfis eru því ófullnægjandi með hliðsjón af kröfum útboðsskilmála.

Verður þá tekið til skoðunar hvort kaupanda sé heimilt að eiga skýringarviðræður við bjóðanda eins og hann áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafli iii). Við mat á heimildum kaupanda til skýringarviðræðna skal líta til 5. mgr. 66. gr. oil. en af ákvæðinu leiðir að viðræður eru heimilar ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: (a) að framlögð gögn bjóðanda beri það með sér að vera ófullkomin, innihalda villur eða að tiltekin gögn vanti; (b) að skýringar eða viðbótarupplýsingar bjóðanda leiði ekki til breytingar á grundvallarþáttum tilboðs; þá mega (c) skýringar eða viðbótarupplýsingar ekki vera líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

Þá verður lagt til grundvallar að lágmarkskrafa útboðsskilmála um tæknilegt hæfi bjóðenda sbr. 3. mgr. gr. 0.10.3, þ.e. að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“ (leturbreyting álitaveitenda) verði með hliðsjón af gagnakröfunni um að bjóðandi skili inn með tilboð sínu „skrá með [...]upplýsingum yfir allar [...] hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar“ ekki túlkuð á annan veg en að bjóðandi verði að skila með tilboði sínu gögnum með upplýsingum um: (a) umráð hans á fullnægjandi fjölda bifreiða sem boðnar eru til þjónustunnar í samræmi við lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála; og (b) upplýsingum um að eiginleikar 45 framboðinna bifreiða uppfylli að lágmarki kröfur sem leiða má af 10.-12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála sbr. fyrri umfjöllun. Lagt verður til grundvallar að kröfur þessar varði grundvallarþætti tilboðs. Bjóðandi hefur samkvæmt framansögðu aðeins lagt fram gögn um ■■■■■ bifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í gögnum bjóðanda er ekki að finna upplýsingar um aðrar framboðnar bifreiðar. Þá er jafnframt að finna upplýsingar í gögnum bjóðanda um að ■■■■■ hafi tvö hjólastólástæði þrátt fyrir kröfu 10. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála um að allar framboðnar bifreiðar skulu hafa tvö hjólastólástæði auk a.m.k. fjögurra farþegasæta. Fullyrðingar bjóðanda sjálfs um að hann muni hafa umráð nægilegs fjölda bifreiða sem standist kröfur útboðslýsingar verða ekki taldar fullnægjandi með hliðsjón af áskilnaði kaupanda um framlögð gögn um umráð kaupanda á framboðnum bifreiðum.

Framlögð gögn bjóðanda eru ófullnægjandi og þar með ófullkomin með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála. Hins vegar verður ekki ráðið af gögnunum að þau innihaldi villur eða tiltekin gögn vanti. Af gögnunum verður ráðið að fjöldi framboðinna bifreiða af hálfu bjóðanda sé ■■■ en ekki 45 í samræmi við lágmarkskröfur útboðsskilmála. Kröfur þessar lúta að grundvallarþáttum tilboðs. Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil. eru því ekki uppfyllt um heimild kaupanda til skýringarviðræðna við bjóðanda vegna framlagðra gagna hans um tæknilegt hæfi enda er ljóst að bjóðandi uppfyllir ekki kröfur kaupanda um tæknilegt hæfi nema til komi upplýsingar sem muni leiða til efnislegra umbóta á grundvallarþáttum tilboðs bjóðanda og þar með brjóta í bága við meginreglu úboðsréttar um jafnræði bjóðenda.

#### *Krafa um gæðastjórnun:*

Lágmarkskrafa kaupanda um gæðastjórnun er að „[b]jóðandi [skuli] vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Akstursþjónusta\_Gaestjornunarkerfi.pdf*.

#### *Niðurstaða mats á á faglegu og tæknilegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna faglegs og tæknilegs hæfis bjóðenda um reynslu og um gæðastjórnun voru í samræmi við kröfur útboðsskilmála þar um. Framlögð gögn um tæknilegt hæfi voru ekki í samræmi við áskilnað útboðsskilmála. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Skilyrði 5.

mgr. 66. gr. oil. fyrir heimild kaupanda til skýringarviðræðna eru ekki uppfyllt vegna gagna um tæknilegt hæfi. Þjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna faglegra og tæknilegra hæfiskrafna.

#### **4. Niðurstaða um mat á tilboði Akstursþjónustunnar ehf.**

Þjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um hæfi vegna starfsréttinda. Þjóðandi uppfyllir hins vegar hvorki lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjárhagslegt hæfi né faglegt og tæknilegt hæfi.

Tilboð Akstursþjónustunnar ehf. er því ógilt í skilningi 82. gr. oil. en þar af leiðir að kaupanda er ekki stætt á öðru en að hafna tilboðinu sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

## **VI.**

### **Mat á tilboði Snæland Grímssonar ehf.**

Snæland Grímsson ehf. er þjóðandi nr. 3 en fylgigögn tilboðsins voru send kaupanda í eftirfarandi 14 innsendum skráum:

- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Afrit úr fyrirtækjaskrá.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_CV [REDACTED].pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_CV [REDACTED].pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó [REDACTED].pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Lífeyrissjóðir Snæland Grímsson.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Rekstrarleyfi Snæland Grímsson til 2022.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_RSK Stöðuyfirlit Snæland Grímsson.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Snæland Grímsson ehf - Hæfni upplýsingar 2020.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Snæland Grímsson ehf - upplýsingar 2020.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Starfskjör Snæland Grímsson.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Tilboðsblað Snæland Grímsson.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Tilboðsskrá Snæland Grímsson.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_undirritaður ársreikningur 2018.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Yfirlýsing vegna útboðs Snæland Grímsson ehf..pdf

Af hálfu kaupanda var þjóðanda boðið til skýringarviðræðna enda var heimild kaupanda talin standa til þess sbr. m.a. áskilnaður kaupanda til slíkra viðræðna í útboðsskilmálum. Af hálfu þjóðanda voru lögð fram eftirfarandi viðbótargögn:

- 20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf\_.pdf
- Bréf vegna útboðs nr. 147799.pdf
- FW Eignastöðuvottorð.msg, með viðhengi, 20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf.xls
- FW Tender für Behinderen Transport Stadt Reykjavik.msg

#### **1. Mat á hæfi vegna starfsréttinda sbr. gr. 0.10.1 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna starfsréttinda eru tvíþættar um skráningar þjóðenda sem eru lögaðilar í fyrirtækjaskrá og rekstrarleyfi þjóðenda.

#### *Krafa um skráningu í fyrirtækjaskrá:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skráningu í fyrirtækjaskrá er að „[b]jóðendur sem eru lögaðilar skuli vera skráðir í fyrirtækjaskrá. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað útprentun af vefsíðu Skattsins með upplýsingum um bjóðanda úr fyrirtækjaskrá ásamt upplýsingum um virðisaukaskattsnúmer bjóðanda sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_Afrit úr fyrirtækjaskrá.pdf*.

#### *Krafa um rekstrarleyfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um rekstrarleyfi er að „[b]jóðendur [skuli] hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi“. Þá var jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.“

Með tilboði bjóðanda var skilað almennu rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_Rekstrarleyfi Snæland Grímsson til 2022.pdf*. Útgefið, staðfest og stimplað af Samgöngustofu þann 14. september 2017 og gildir til 14. september 2022.

#### *Niðurstaða mats á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur vegna starfsréttinda.

## **2. Mat á fjárhagslegu hæfi bjóðanda sbr. gr. 0.10.2 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna fjárhagslegs hæfis eru þrjúþættar um skil á opinberum gjöldum, skil á lífeyrissjóðsgjöldum og um eiginfjárstöðu bjóðenda.

#### *Krafa um skil á opinberum gjöldum:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skil á opinberum gjöldum er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með opinber gjöld. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað stöðu hjá innheimtumanni ríkissjóðs 5. maí 2020 ásamt greiðsluáætlun dags. 6. maí 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_RSK Stöðuyfirlit Snæland Grímsson.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með opinber gjöld.

#### *Krafa um skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða:*

Lágmarkskrafa kaupanda er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. [...]“ Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað gögnum um stöðu lífeyrissjóðsgjalda frá tíu lífeyrissjóðum sem öll eru dagsett innan áskilinna tímamarka, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_Lífeyrissjóðir Snæland Grímsson.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er svk. framlögðum gögnum í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

#### *Krafa um eiginfjárstöðu bjóðanda:*

Lágmarkskrafa kaupanda um fjárhagslegt hæfi er jafnframt „[b]jóðandi [skuli] vera vera með jákvætt eigið fé. [...]“. Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað ársreikningi fyrir árið 2018, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_undirritaður ársreikningur 2018.pdf*. Ársreikningurinn er endurskoðaður og áritaður af Davíð A. Einarssyni, löggiltum endurskoðanda, án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Eigið fé bjóðanda er jákvætt við árslok 2018.

#### *Niðurstaða mats á fjárhagslegu hæfi bjóðanda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjárhagslegt hæfi.

### **3. Um mat á tæknilegu og faglegu hæfi sbr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna tæknilegs og faglegs hæfis eru þríþættar um reynslu bjóðanda, tæknilegt hæfi og kröfur um gæðastjórnun.

#### *Krafa um reynslu:*

Lágmarkskrafa kaupanda um reynslu er að „[b]jóðandi [skuli] tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins . Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.“ Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili tvennskonar gögnum tengdum þessari kröfu. Annars vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu“ og hins vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað gögnum um helstu starfmenn sem koma að verkinu, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímssó\_Snæland Grímsson ehf - upplýsingar 2020.pdf*. Þar er tilgreindur einstaklingur, yfirflotastjóri, sem mun stýra verkinu f.h. bjóðanda. Um reynslu hans kemur fram að [REDACTED] og hann hafi mikla „reynslu á stýringu farþegaflutninga og flotastjórnun.“ Jafnframt er tilgreindur annar einstaklingur sem hafi starfað sem [REDACTED]. Þessir tveir einstaklingar eru tilgreindir sem tengiliðir bjóðanda við kaupanda. Þá var jafnframt upplýst um reynslu bjóðanda af sambærilegum verkum. Ekki verður ráðið af upplýsingum bjóðanda að reynsla þess einstaklings sem tilgreindur er umsjónarmaður verks sé af akstri með fatlað fólk eða aldraða einstaklinga. Tilgreind er reynsla annars einstaklings af slíkum akstri en hann er þó einungis tilgreindur sem tengiliður bjóðanda við kaupanda. Með framlögðum gögnum bjóðanda um reynslu verður því ekki ráðið að reynsla umsjónarmanns með framkvæmd samnings sé í samræmi við áskilnað útboðsskilmála.

#### *Krafa um tæknilegt hæfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um tæknilegt hæfi er að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“. Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skuli „skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúna hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð

bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlístar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“.

Lágmarkskröfur útboðskilmála um fjölda og útbúnað framboðinna hópferðabifreiða eru tilgreindar í gr. 2.0.7 útboðsskilmála (sjá fskj. I, kafla viii). Verður hér gerð grein þeim fyrir hluta lágmarkskrafna bjóðanda sem tilefni er til umfjöllunar með hliðsjón af tilboði bjóðanda en í 10. – 11. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála segir:

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Lagt verður til grundvallar að af framangreindu leiði *í fyrsta lagi* að lágmarkskröfur kaupanda til eiginleika framboðinna hópferðabifreiða séu eftirfarandi: (1) að þær séu fyrir 9 farþega; (2) að bifreiðarnar séu sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum; (3) að í hverri bifreið skuli vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými. *Í öðru lagi* að lágmarkskröfur kaupanda samkvæmt framansögðu séu að seljandi hafi þann 1. júlí 2020 hafa yfir að ráða a.m.k. 25 bifreiðum með framangreindum eiginleikum og þann 1. september 2020 skuli fjöldi þeirra vera a.m.k. 45. *Í þriðja lagi* að framboðnar bifreiðar uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sbr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála með þeirri tímabundnu undanþágu að fram til 1. júlí 2021 er bjóðanda heimilt að notast við bifreiðar sem hafa rampa í stað lyftna og ekki eru með myndavélakerfi sbr. 12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála. Undanþága þessi var áréttuð í svari kaupanda við fyrirspurn nr. 3 í 1. viðauka við útboðsskilmála sem birt var 30. apríl 2020.

Bjóðandi skilaði með tilboði sínu fylgiskjali sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_Snæland Grímsson ehf - Hæfni upplýsingar 2020.pdf*, skjalið telur sjö bls. með yfirskriftinni: „[u]pplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu“. Í kafla með yfirskriftinni „[s]krá yfir bifreiðar og búnað“ eru einu framlögðu upplýsingar og gögn sem fylgdu tilboði bjóðanda er varða tæknilegt hæfi hans. Þar vísar bjóðandi til eignastöðuvottorðs sem sagt er vera í viðauka og innihaldi upplýsingar um allar bifreiðar í eigu bjóðanda. Viðauka þennan vantar hins vegar í skjalið og er heldur ekki að finna í öðrum skráum sem bjóðandi sendi með tilboði sínu. Þá segir jafnframt að verði tilboði bjóðanda tekið þá verði 45 bifreiðar keyptar sérstaklega til verksins. Staðhæft er að nú þegar liggja fyrir pöntun fyrir hluta af þessum bifreiðum hjá framleiðanda. Ekki er tilgreint hversu margar bifreiðar bjóðandi hafi þegar lagt inn pöntun fyrir. Þá tilgreinir bjóðandi tegund bifreiða, undirtegund og árgerðir þeirra bifreiða sem hann kveðst hafa pantað. Upplýst er að bifreiðar þessar séu sérútbúnar með pláss fyrir tvo hjólastóla sem snúa í akstursstefnu, að allur öryggisbúnaður sé til staðar og nefnir sem dæmi belti, framlengingar á sætisbeltum, myndavélar og lyftu, bakstuðning við hjólastóla, sætisfjöldi sé fyrir níu manns, fjöldi hurða sé 4/5, losunarflokk og umhverfismerkingu bifreiðanna.

Líkt og fram hefur komið mátti ráða af framlögðum gögnum bjóðanda að tiltekin skjöl hafi vantað enda vísaði bjóðandi til eignastöðuvottorðs auk þess sem nefnt var í gögnum að lögð hafi verið inn pöntun fyrir ótilgreindum fjölda bifreiða. Af hálfu bjóðanda voru framlögð gögn bjóðanda metin á þann vegi að heimild kaupanda væri til staðar til að óska eftir skýringarviðræðum líkt og kaupandi áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafla iii) enda báru gögn bjóðanda með sér að tiltekin gögn vantaði (þ.e. eignastöðuvottorðið) auk þess sem að bjóðandi kvaðst þegar við skilafrest tilboða hafa

lagt inn pöntun fyrir tilteknum bifreiðum. Innkaupaskrifstofan f.h. kaupanda bauð bjóðanda að leggja fram tiltekin gögn fyrir kl. 16:00 þann 25. maí 2020. Óskað var eftir að bjóðandi sendi (a) „viðeigandi gögn um umráð [hans] á nægilegum fjölda bifreiða til samræmis við nefnda kröfu útboðsgagna, þ.e. nefnt eignastöðuvottorð“; (b) „eftir atvikum gögn um fyrirliggjandi pöntun bifreiða sem jafnframt er minnst á í tilboðsgögnum“; auk þess sem óskað var eftir (3) „[gögnum] og / eða [skýringum] sem innihalda greinargóðar upplýsingar um hvernig fram boðnar bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla útboðsgagna nr. 2.0.7. til samræmis við nefnda kröfu útboðsgagna.“ Þá var athygli bjóðanda m.a. vakin á að við mat á tilboði hans „[væri kaupanda] óheimilt að taka tillit til hvers konar skýringa, lægfæringa eða viðbótarupplýsinga [bjóðanda] sem fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs þess eða ef hvers konar viðbótarupplýsingar eru líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun“ sbr. 2. másl. 5. mgr. 66. gr. oil.

Af hálfu bjóðanda voru send viðbótargögn í eftirfarandi fjórum skráum sem bárust fyrir tilgreindan skilafrest: (a) *Bréf vegna útboðs nr. 147799.pdf*; (b) *20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf\_.pdf*; (c) áframsendur tp. frá Samgöngustofu sbr., *FW Eignastöðuvottorð.msg*, með viðhengdri, *20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf.xls*; og (d) *FW Tender für Behinderen Transport Stadt Reykjavik.msg*.

Bjóðandi upplýsti sbr. *Bréf vegna útboðs nr. 147799.pdf* að gert hafi verið „samkomulag um að panta bifreiðar [...] efsamningar nást við [kaupanda] vegna verkefnisins“ og að bjóðandi hafi „ekki gengið frá [að] staðfesta pöntun á umtöluðum bílum og [verði það] ekki gert nema samningur um verkefnið liggja fyrir“. Þá fylgdi erindi bjóðanda skjáskot af vefsíðu, að því er virðist, með upplýsingum á þýsku um bifreiðar sömu tegundar og undirtegundar og bjóðandi kvaðst hafa lagt inn pöntun fyrir í fylgigögnum með tilboði hans. Þá upplýsti bjóðandi að tilboð hans hafi verið unnið með lausnir [REDACTED] til hliðsjónar en samkvæmt síðustu samskiptum við [REDACTED] „[eigi] þeir núna á bilinu [REDACTED] útbúna til hjólastólaaksturs til [afhendingar] nú þegar eða á næstu vikum“ og var vísað til tölvupósts framkvæmdastjóra [REDACTED], dags. 25. maí 2020, um lagerstöðu á umræddum bílum en póstur þessi var einnig sendur kaupanda sbr. *FW Tender für Behinderen Transport Stadt Reykjavik.msg*. Í tölvupóstinum komu fram upplýsingar á þýsku um lagerstöðu á bifreiðum en efni póstsins er óljóst um fjölda bifreiða. Þá er efni póstsins að öðru leyti almennt en þar er hvorki að finna tilvísun til eldri samskipta bjóðanda við [REDACTED] né til pöntunar bjóðanda á bifreiðum hjá [REDACTED]. Með erindi bjóðanda, sbr. *Bréf vegna útboðs nr. 147799.pdf*, voru jafnframt veittar upplýsingar um aðrar leiðir sem bjóðandi gæti hagnýtt sér til að verða sér út um bifreiðar til tímabundinna afnota til verksins ef seinkun yrði á afhendingu bifreiða frá [REDACTED].

Hvorki upplýsingar bjóðanda sjálfs né efni tölvupósts frá [REDACTED] bera með sér tilvísanir til samskipta bjóðanda við [REDACTED] sem átt hafa sér stað fyrir skilafrest tilboða í útboðinu eða tilvísun til pöntunar bjóðanda á bifreiðum hjá [REDACTED] sem lögð hafi verið inn fyrir skilafrest tilboða líkt og ráða má af fullyrðingum bjóðanda sjálfs í upprunalegum fylgigögnum með tilboði hans. Þá er enn fremur ekki upplýst um afhendingartíma bifreiða til bjóðanda. Þá eru aðrar upplýsingar bjóðanda, um leiðir hans til að verða sér út um tímabundin afnot bifreiða, nýjar upplýsingar af hans hálfu sem ekki geta komið til álita við mat á tilboði hans.

Í framhaldi af boði kaupanda til skýringarviðræðna lagði bjóðandi einnig fram eignastöðuvottorð, bæði í formi PDF-skrár sbr. *20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf\_.pdf*, svo og í formi töflureiknisráðs sbr. *20200522 Eignastöðuvottorð Snæland Grímsson ehf.xls* í viðhengi með áframsendum tölvupósti frá Samgöngustofu dags. 22. maí 2020 sbr. *FW Eignastöðuvottorð.msg*. Þá upplýsti bjóðandi jafnframt í erindi sínu sbr. *Bréf vegna útboðs nr. 147799.pdf* að hann „[ætti] nú þegar [REDACTED] sem hægt sé að breyta með stuttum fyrirvara fyrir hjólastólaakstur, gerist þess þörf“. Með nefndri PDF skrá var skjal með yfirskriftinni „[e]ignastöðuvottorð 22.05.2020“ sbr. einnig dagsetning



tölvupósts Samgöngustofu til bjóðanda. Þá er hvorki í tölvupósti Samgöngustofu né upplýsingum bjóðanda nokkur staðfesting eða upplýsingar um að eignastaða bjóðanda hjá Samgöngustofu sé óbreytt frá eignastöðu hans fyrir skilafrest tilboða. Af eignastöðuvottorði verður ráðið að bjóðandi sé þann 22. maí 2020, rúmum tveimur vikum eftir skilafrest tilboða, skráður eigandi eða umráðamaður [REDACTED] ökutækja. Í fyrrgreindu eignarstöðuvottorði eru ekki [REDACTED] sem uppfylla lágmarkskröfur útboðsskilmála. Í fyrrnefndu bréfi nefnir bjóðandi að hann eigi nú þegar [REDACTED] [REDACTED] Athygli vekur að bjóðandi [REDACTED] sem geti með breytingum uppfyllt kröfur en upplýsir hvorki um umráð sín yfir öðrum bifreiðum né um breytingar sem þörf er á eða aðrar nauðsynlegar upplýsingar til samræmis við áskilnað útboðsskilmála. Í fyrrgreindu bréfi er þess jafnframt getið að tengiliður bjóðanda í [REDACTED] bifreiðar útbúnar til akstur með hjólastóla til afhendingar nú þegar eða á næstu dögum. Ekki eru lögð fram fullnægjandi gögn eða upplýsingar er sýna fram á að þær [REDACTED] bifreiðar sem nefndar eru uppfylli lágmarkskröfur útboðsskilmála.

Rifja verður hér upp að skv. 3. mgr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála er þess krafist að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“ og jafnframt að bjóðandi skili með tilboði sínu „skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar“. Upplýsingar og fullyrðingar bjóðanda sjálfs um pöntun bifreiða sem lögð hafi verið inn hjá framleiðanda fyrir skilafrest tilboða verða ekki metnar fullnægjandi með hliðsjón af lágmarkskröfu útboðsskilmála um *umráð* bjóðanda yfir *nægilegum fjölda bifreiða*. Þá eru upplýsingar hans jafnframt ófullnægjandi enda er ekki upplýst um fjölda bifreiða sem pantaðar hafa verið eða afhendingartíma þeirra. Gögn bjóðanda um bifreiðar sem hann kvaðst í tilboði sínu hafa lagt inn pöntun fyrir og lögð voru fram í kjölfarið á boði kaupanda til skýringarviðræðna eru því ófullnægjandi með hliðsjón af kröfum útboðsskilmála. Þá liggur jafnframt fyrir að tæknilegir eiginleikar þeirra bifreiða sem bjóðandi hefur umráð yfir sbr. framlagt eignastöðuvottorð uppfylla hvorki lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjölda bifreiða né eiginleika þeirra. Gögn bjóðanda vegna tæknilegs hæfis sem lögð voru fram með tilboði hans og í framhaldi af boði kaupanda til skýringarviðræðna eru því ófullnægjandi með hliðsjón af kröfum útboðsskilmála.

Verður þá tekið til skoðunar hvort kaupanda sé heimilt að eiga skýringarviðræður við bjóðanda eins og hann áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafli iii). Við mat á heimildum kaupanda til skýringarviðræðna skal líta til 5. mgr. 66. gr. oil. en af ákvæðinu leiðir að viðræður eru heimilar ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: (a) að framlögð gögn bjóðanda beri það með sér að vera ófullkomin, innihalda villur eða að tiltekin gögn vanti; (b) að skýringar eða viðbótarupplýsingar bjóðanda leiði ekki til breytingar á grundvallarþáttum tilboðs; þá mega (c) skýringar eða viðbótarupplýsingar ekki vera líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

Lagt verður til grundvallar að lágmarkskrafa útboðsskilmála um tæknilegt hæfi bjóðenda sbr. 3. mgr. gr. 0.10.3, þ.e. að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsskilmála“ (leturbreyting áaltsveitenda) verði með hliðsjón af gagnakröfunni um að bjóðandi skili inn með tilboð sínu „skrá með [...]upplýsingum yfir allar [...] hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar“ ekki túlkuð á annan veg en að bjóðandi verði að skila með tilboði sínu gögnum með upplýsingum um: (a) umráð hans á fullnægjandi fjölda bifreiða sem boðnar eru til þjónustunnar í samræmi við lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála; og (b) upplýsingum um að eiginleikar 45 framboðinna bifreiða uppfylli að lágmarki kröfur sem leiða má af 10.-12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála sbr. fyrri umfjöllun. Lagt verður til grundvallar að kröfur þessar varði grundvallarþætti tilboðs. Framlögð gögn bjóðanda eru ófullnægjandi og þar með ófullkomin með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála. Hins vegar verður ekki ráðið af gögnunum að þau innihaldi villur eða tiltekin gögn vanti. Af gögnunum verður ráðið að bjóðandi hafi ekki umráð yfir nægilegum fjölda bifreiða sem uppfylla

lágmarkskröfur útboðsskilmála. Kröfur þessar lúta að grundvallarþáttum tilboðs. Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil. eru því ekki uppfyllt um heimild kaupanda til skýringarviðræðna við bjóðanda vegna framlagðra gagna hans um tæknilegt hæfi enda er ljóst að bjóðandi uppfyllir ekki kröfur kaupanda um tæknilegt hæfi nema til komi upplýsingar sem muni leiða til efnislegra umbóta á grundvallarþáttum tilboðs bjóðanda og þar með brjóta í bága við meginreglu útboðsréttar um jafnræði bjóðenda.

#### *Krafa um gæðastjórnun:*

Lágmarkskrafa kaupanda um gæðastjórnun er að „[b]jóðandi [skuli] vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.“

Bjóðandi skilaði með tilboði sínu fylgiskjali með skráarheitinu 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_Snæland Grímsson ehf - Hæfni upplýsingar 2020.pdf* en skráin inniheldur sjö bls. skjal með yfirskriftinni: „[u]pplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu“. Í kafla með yfirskriftinni „[u]mhverfis- [ö]ryggis og gæðamál“ segir að [REDACTED] „Þá er jafnframt nafngreindur sérfræðingur sem sagður er hafa umsjón með þessum málum hjá bjóðanda. Af hálfu bjóðanda var ferilskrá viðkomandi starfsmanns jafnframt lögð fram sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Snæland Grímsson\_* [REDACTED] *2019.pdf*. Ekki voru aðrar upplýsingar lagðar fram af hálfu bjóðanda þar sem því skilgreinda gæðastjórnunarkerfi sem bjóðandi vinnur samkvæmt er lýst. Af framlögðum upplýsingum bjóðanda leiðir að óljóst er hvort hann vinni samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi eða hvort álykta megi að hann vinni ekki samkvæmt slíku kerfi. [REDACTED] [REDACTED]

#### *Niðurstaða mats á á faglegu og tæknilegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna faglegrar og tæknilegrar hæfis bjóðenda um reynslu og gæðastjórnun voru ekki í samræmi við kröfur útboðsskilmála þar um. Framlögð gögn með tilboði bjóðanda um tæknilegt hæfi voru ekki í samræmi við áskilnað útboðsskilmála. Í framhaldi af boði kaupanda til skýringarviðræðna lagði bjóðandi fram frekari upplýsingar vegna tæknilegrar hæfis. Bjóðandi hefur, sbr. fyrri umfjöllun, ekki sýnt fram á að hann hafi umráð yfir nægilega mörgum bifreiðum sem uppfylli lágmarkskröfur útboðsskilmála. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur um tæknilegt hæfi. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til heimildar kaupanda til skýringarviðræðna vegna umkrafinna gagna um reynslu og gæðastjórnun. Bjóðandi uppfyllir ekki lágmarkskröfur vegna faglegrar og tæknilegrar hæfiskrafna.

#### **4. Niðurstaða um mat á tilboði Snæland Grímsson ehf.**

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála vegna starfsréttinda og um fjárhagslegt hæfi. Bjóðandi uppfyllir hins vegar ekki lágmarkskröfur útboðsskilmála um faglegt og tæknilegt hæfi.

Tilboð Snæland Grímssonar ehf. er því ógilt í skilningi 82. gr. oil. en þar af leiðir að kaupanda er ekki stætt á öðru en að hafna tilboðinu sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

## VII. Mat á tilboði Toppu ehf.

Toppa ehf. er bjóðandi nr. 4 en fylgigögn tilboðsins voru send kaupanda í eftirfarandi 15 innsendum skráum:

- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_14799- Tilboðsbók 1.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_athugasemd.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Bílakostur.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Gæðastjórnun.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Hópfærðarleyfi.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Samnigstrygging.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Skuldleysivottorð Lífeyrissjóður.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Skuldleysivottorð.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Starfsfólk.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Starfslýsing.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Starmannayfirlýsing.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Tilboðsskrá Strætó 2020.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Toppa ehf.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_undirverktakar.odt
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Ársreikningar.odt

### **1. Mat á hæfi vegna starfsréttinda sbr. gr. 0.10.1 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna starfsréttinda eru tvíþættar um skráningar bjóðenda sem væru lögaðilar í fyrirtækjaskrá og rekstrarleyfi bjóðenda.

*Krafa um skráningu í fyrirtækjaskrá:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skráningu í fyrirtækjaskrá er að „[b]jóðendur sem eru lögaðilar skuli vera skráðir í fyrirtækjaskrá. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. [...]“

Með tilboði bjóðanda var ekki skilað vottorði úr fyrirtækjaskrá RSK. Með tilboði bjóðanda var einungis skilað útfylltu eyðublaði RSK um tilkynningu um raunverulega eigendur sem auk þess var ekki staðfest um móttöku af Skattinum, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Toppa ehf.pdf.

*Krafa um starfsleyfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um rekstrarleyfi er að „[b]jóðendur [skuli] hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi“. Þá var jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.“

Með tilboði bjóðanda var ekki skilað almennu rekstrarleyfi bjóðanda til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017 en þess í stað var skilað almennu rekstrarleyfi tilgreinds einstaklings, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Hópfærðarleyfi.pdf., sem er útrunnið.

*Niðurstaða mats á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda:*

Framlögð gögn vegna hæfiskrafna tengd starfsréttindum voru ekki í samræmi við áskilnað útboðsskilmála en bjóðandi lagði hvorki fram afrit skráningar í fyrirtækjaskrá né afrit rekstrarleyfis hans. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram

samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Með vísan til niðurstöðu 3. kafla um tæknilegt og faglegt hæfi verður ekki lagt mat á heimildir kaupanda til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda vegna nefndra gagna. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna starfsréttinda.

## **2. Mat á fjárhagslegu hæfi bjóðanda sbr. gr. 0.10.2 útboðsskilmála (fskj. I kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna fjárhagslegs hæfis eru þrjúþættar um skil á opinberum gjöldum, skil á lífeyrissjóðsgjöldum og um eiginfjárstöðu bjóðenda.

### *Krafa um skil á opinberum gjöldum:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skil á opinberum gjöldum er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með opinber gjöld. [...]“Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestingu Skattsins um skuldleysi bjóðanda við innheimtumann ríkissjóðs dags. 6. maí 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Skuldleysivottorð.pdf*. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með opinber gjöld.

### *Krafa um skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða:*

Lágmarkskrafa kaupanda er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. [...]“Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestingu lífeyrissjóðs, dags. 6. maí 2020, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Skuldleysivottorð Lífeyrissjóður.pdf*., um að tilgreindur einstaklingur væri í skilum með lífeyrisgreiðslur fyrir starfsmenn sína. Bjóðandi hefur því ekki lagt fram umkrafin gögn varðandi skuldleysi vegna lífeyrissjóðsiðgjalda bjóðanda sjálfs.

### *Krafa um eiginfjárstöðu bjóðanda:*

Lágmarkskrafa kaupanda um fjárhagslegt hæfi er jafnframt „[b]jóðandi [skuli] vera vera með jákvætt eigið fé. [...]“. Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. [...]“

Með tilboði bjóðanda var ekki skilað ársreikningi. Bjóðandi upplýsti, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Ársreikningar.odt.*, að ekki hafi verið gefnir út ársreikningar þar sem félagið hafi verið stofnað í október 2019. Með hliðsjón af 4. mgr. 74. gr. oil. kann að koma til álita að gefa bjóðanda kost á að leggja fram önnur gögn sem kaupandi metur fullnægjandi þar sem ætla má að bjóðandi geti ekki, af gildri ástæðu, lagt fram umkrafin gögn til að sýna fram á efnahagslega og fjárhagslega stöðu sína.

### *Niðurstaða mats á fjárhagslegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna fjárhagslegs hæfis bjóðenda voru ekki öll í samræmi við áskilnað útboðsskilmála en bjóðandi lagði ekki fram umkrafaða staðfestingu lífeyrissjóðs um skuldleysi bjóðanda á iðgjöldum og heldur ekki ársreikning. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki

eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Bjóðandi er nýstofnað félag og gæti því komið til álita eftir atvikum að bjóðandi leggi fram önnur gögn sem kaupandi telur fullnægjandi sbr. 4. mgr. 74. gr. oil. Með vísan til niðurstöðu 3. kafla um tæknilegt og faglegt hæfi verður ekki lagt mat á heimildir kaupanda til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna fjárhagslegra hæfiskrafna.

### **3. Mat á tæknilegu og faglegu hæfi sbr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna tæknilegs og faglegs hæfis eru þrjúþættar um reynslu bjóðanda, tæknilegt hæfi og kröfur um gæðastjórnun.

#### *Krafa um reynslu:*

Lágmarkskrafa kaupanda um reynslu er að „[b]jóðandi [skuli] tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins. Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.“ Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili tvennskona gögnum tengdum þessari kröfu. Annars vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu“ og hins vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað yfirliti yfir helstu starfsmenn, sbr. 14799 - *Sameigi Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Starfsfólk.odt*. Þar segir að m.a. að [REDACTED] hafi starfað við akstur fatlaðra síðan árið 1991. Með tilboði bjóðanda var skilað nánari yfirliti um starfsreynslu [REDACTED], sbr. 14799 - *Sameigi Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Starfslýsing.odt*. Með hliðsón af framlögðum gögnum verður lagt til grundvallar að reynsla hans uppfylli lágmarkskröfur útboðsgagna. Bjóðandi hefur því í samræmi við kröfur útboðslýsingar tilgreint umsjónarmann sem uppfyllir lágmarkskröfur um starfsreynslu og sambærilega þjónustu.

#### *Krafa um tæknilegt hæfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um tæknilegt hæfi er að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“. Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili „skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“.

Lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjölda og útbúnað framboðinna hópferðabifreiða eru tilgreindar í gr. 2.0.7 útboðsskilmála (sjá fskj. I, kafli viii). Verður hér gerð grein þeim fyrir hluta lágmarkskrafna bjóðanda sem tilefni er til umfjöllunar með hliðsjón af tilboði bjóðanda en í 10. – 11. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála segir:

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Lagt verður til grundvallar að af framangreindu leiði í *fyrsta lagi* að lágmarkskröfur kaupanda til eiginleika framboðinna hópferðabifreiða séu eftirfarandi: (1) að þær séu fyrir 9 farþega; (2) að bifreiðarnar séu sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum; (3) að í hverri bifreið skuli vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými. Í *öðru lagi* að lágmarkskröfur kaupanda samkvæmt framansögðu séu að seljandi hafi þann 1. júlí 2020 hafa yfir að ráða a.m.k. 25 bifreiðum með framangreindum eiginleikum og þann 1. september 2020 skuli fjöldi þeirra vera a.m.k. 45. Í *þriðja lagi* að framboðnar bifreiðar uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sbr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála með þeirri tímabundnu undanþágu að fram til 1. júlí 2021 er bjóðanda heimilt að notast við bifreiðar sem hafa rampa í stað lyftna og ekki eru með myndavélakerfi sbr. 12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála. Undanþága þessi var áréttuð í svari kaupanda við fyrirspurn nr. 3 í 1. viðauka við útboðsskilmála sem birt var 30. apríl 2020.

Með tilboði bjóðanda var skilað upplýsingum um bílakost bjóðanda, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Bílakostur.odt*. Ekki er um að ræða skrá, heldur upplýsingar um að félagið hafi yfir að ráða [REDACTED] hjólastólabifreiðum, en [REDACTED] til viðbótar sem búnir séu [REDACTED]. Með tilboði bjóðanda var jafnframt skilað athugasemdum bjóðanda við tímasetningu útboðsins, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_athugasemd.odt*.

Framlagt gagn bjóðanda inniheldur takmarkaðar upplýsinga um umráð eða aðgang bjóðanda að tegundarákveðnum bifreiðum en fjöldi framboðna bifreiða í umráðum bjóðanda er [REDACTED] en ekki 45 eins og áskilið er að lágmarki í útboðsskilmálum. Þá eru upplýsingar að öðru leyti takmarkaðar um eiginleika framboðinna bifreiða og teljast ófullnægjandi með hliðsjón af áskilnaði útboðsgagna um framlögð gögn. Einungis liggja fyrir fullyrðingar bjóðanda sjálfs um [REDACTED] og [REDACTED] auk takmarkaðra upplýsinga um hvort og hvernig eiginleikar bifreiða uppfylla lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála að öðru leyti. Framlögð gögn bjóðanda vegna tæknilegs hæfis eru því ófullnægjandi með hliðsjón af kröfum útboðsskilmála.

Verður þá tekið til skoðunar hvort kaupanda sé heimilt að eiga skýringarviðræður við bjóðanda eins og hann áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafli iii). Við mat á heimildum kaupanda til skýringarviðræðna skal líta til 5. mgr. 66. gr. oil. en af ákvæðinu leiðir að viðræður eru heimilar ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: (a) að framlögð gögn bjóðanda beri það með sér að vera ófullkomin, innihalda villur eða að tiltekin gögn vanti; (b) að skýringar eða viðbótarupplýsingar bjóðanda leiði ekki til breytingar á grundvallarþáttum tilboðs; þá mega (c) skýringar eða viðbótarupplýsingar ekki vera líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

Lagt verður til grundvallar að lágmarkskrafa útboðsskilmála um tæknilegt hæfi bjóðenda sbr. 3. mgr. gr. 0.10.3, þ.e. að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsskilmála“ (leturbreyting álitsevitenda) verði með hliðsjón af gagnakröfunni um að bjóðandi skili inn með tilboð sínu „skrá með [...]upplýsingum yfir allar [...] hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar“ ekki túlkuð á annan veg en að bjóðandi verði að skila með tilboði sínu gögnum með upplýsingum um: (a) umráð hans á fullnægjandi fjölda bifreiða sem boðnar eru til þjónustunnar í samræmi við lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála; og (b) upplýsingum um að eiginleikar 45 framboðinna bifreiða uppfylli að lágmarki kröfur sem koma fram í 10.-12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála sbr. fyrri umfjöllun. Lagt verður til grundvallar að kröfur þessar varði grundvallarþætti tilboðs.

Framlögð gögn bjóðanda eru ófullnægjandi og þar með ófullkomin með hliðsjón af áskilnaði útboðsskilmála. Hins vegar verður ekki ráðið af gögnunum að þau innihaldi villur eða tiltekin gögn vanti. Af gögnunum verður ráðið að framboðnar bifreiðar í umráðum bjóðanda séu [REDACTED] en ekki 45

eins og krafist er í útboðsskilmálum. Kröfur þessar lúta að grundvallarþáttum tilboðs. Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil. eru því ekki uppfyllt um heimild kaupanda til skýringarviðræðna við bjóðanda vegna framlagðra gagna hans um tæknilegt hæfi enda er ljóst að bjóðandi uppfyllir ekki kröfur kaupanda um tæknilegt hæfi nema til komi upplýsingar sem muni leiða til efnislegra umbóta á grundvallarþáttum tilboðs bjóðanda og þar með brjóta í bága við meginreglu útboðsréttar um jafnræði bjóðenda.

#### *Krafa um gæðastjórnun:*

Lágmarkskrafa kaupanda um gæðastjórnun er að „[b]jóðandi [skuli] vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað upplýsingum um að ekki sé fyrir hendi gæðastjórnunarkerfi hjá félaginu, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Toppa ehf.\_Gæðastjórnun.odt*. Í framlögðu gagni kemur fram að bjóðandi muni „nýta þann árs frest sem þið hafið lýst í svörum ykkar til að koma því við.“

Hvorki í útboðsskilmálum né viðaukum kemur fram að bjóðendur hafi ársfrest til þess að uppfylla ofangreinda lágmarkskröfu um að vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi. Í útboðsskilmálum og viðauka 1 kemur fram að bjóðendur hafi frest til 1. júlí 2021 til að uppfylla lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála um tiltekna eiginleika framboðinna bifreiða eins og þar er nánar fjallað um.

#### *Niðurstaða mats á á faglegu og tæknilegu hæfi bjóðanda:*

Framlögð gögn vegna faglegs og tæknilegs hæfis bjóðenda um reynslu voru í samræmi við kröfur útboðsskilmála þar um. Framlögð gögn um tæknilegt hæfi og gæðastjórnun voru ekki í samræmi við áskilnað útboðsskilmála. Virkjast því áskilnaður kaupanda um rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsskilmálum sbr. 4. mgr. gr. 0.4 útboðsskilmála (fskj. I, kafli i). Skilyrði 5. mgr. 66. gr. oil. fyrir heimild kaupanda til skýringarviðræðna eru ekki uppfyllt vegna gagna um tæknilegt hæfi þar sem lágmarkskröfur um umráð tilskilins fjölda framboðinna bifreiða í umráðum bjóðanda eru ekki uppfylltar. Verður því ekki tekin afstaða til heimilda til skýringarviðræðna vegna umkrafinna gagna um gæðastjórnun. Bjóðandi uppfyllir því ekki lágmarkskröfur vegna faglegra og tæknilegra hæfiskrafna.

#### **4. Niðurstaða um mat á tilboði Toppu ehf.**

Bjóðandi uppfyllir hvorki lágmarkskröfur útboðsskilmála um hæfi vegna starfsréttinda, fjárhagslegt hæfi né kröfur um faglegt og tæknilegt hæfi.

Tilboð Toppu ehf. er því ógilt í skilningi 82. gr. oil. en þar af leiðir að kaupanda er ekki stætt á öðru en að hafna tilboðinu sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

## VIII. Mat á tilboði Hópbíla hf.

Hópbílar hf. er bjóðandi nr. 5 en fylgigögn tilboðsins voru send kaupanda í eftirfarandi 17 innsendum skráum:

- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Almennt rekstrarleyfi Hópbíla 2015\_2020.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Fyrirtækjaskrá 2020 04 28.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Gildi 2020 04 28.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Hopbilar hf. arsreikningur 2018 - UR.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_RSK skuldleysi 2020 05 04.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Tilboðsblað útboðs 14799.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Tilboðsskrá útboðs 14799.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Umhv gæða og öryggis vottun-stadfesting.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Umhverfis- gaeda- og oryggisskerfi.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Undirverktaka.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_VR 2020 04 28.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Yfirlýsing banka 2020 05 05.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Yfirlýsing um ábyrgð gagnvart starfsmönnum.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Almennar upplýsingar um Hópbíla .pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Almennar upplýsingar um Hópbíla \_1.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Umhverfisskýrsla 2019.pdf
- 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Upplýsingar um bílaflota.pdf

Af hálfu kaupanda var bjóðanda boðið til skýringarviðræðna enda var heimild kaupanda talin standa til þess sbr. m.a. áskilnaður kaupanda til slíkra viðræðna í útboðsskilmálum. Af hálfu bjóðanda voru lögð fram eftirfarandi viðbótargögn:

- Útboð 14799 25MAI20.pdf
- Svör við fyrirspurn Strætó Bs. dags 4.júní vegna útboðs 14799\_.pdf

Við mat á tilboði bjóðanda og með hliðsjón af framkomnum upplýsingum hans í framhaldi af boði kaupanda til skýringarviðræðna var talið tilefni til að kanna hvor lágmarkskröfur útboðsskilmála um útblástursmengun bifreiða væru uppfyllt, þ.e. að hvort að framboðnar bifreiðar uppfylltu að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk sbr. kröfu 7. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála þar sem. Af þeim sökum var bjóðandi boðaður til skýringarfundar með fulltrúum kaupanda þann 11. júní 2020. Við mat á því hvort krafan teldist uppfyllt var jafnframt haft samráð við sérfræðing hjá Samgöngustofu og litið til gerðarviðurkenninga alls níu framboðinna bifreiða.

### **1. Mat á hæfi vegna starfsréttinda sbr. gr. 0.10.1 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna starfsréttinda eru tvíþættar um skráningar bjóðenda sem eru lögaðilar í fyrirtækjaskrá og rekstrarleyfi bjóðenda.

*Krafa um skráningu í fyrirtækjaskrá:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skráningu í fyrirtækjaskrá er að „[b]jóðendur sem eru lögaðilar skuli vera skráðir í fyrirtækjaskrá. [...]“ Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. [...]“



Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestu vottorði úr fyrirtækjaskrá Skattsins, útgefið 28. apríl 2020, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Fyrirtækjaskrá 2020 04 28.pdf.

*Krafa um rekstrarleyfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um rekstrarleyfi er að „[b]jóðendur [skuli] hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi“. Þá var jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.“

Með tilboði bjóðanda var skilað undirrituðu og staðfestu almennu rekstrarleyfi til fólksflutninga skv. lögum nr. 73/2001, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Almennt rekstrarleyfi Hópbíla 2015\_2020.pdf. Rekstrarleyfið er útgefið og staðfest af Samgöngustofu þann 28. maí 2015 og var í gildi við opnun tilboða. Þá var staðfest af hálfu Samgöngustofu að núgildandi rekstrarleyfi bjóðanda útgefið 16. júní sl. gildir til 16. júní 2021 og var afrit leyfisins sent fulltrúum kaupanda.

*Niðurstaða mats á hæfi bjóðanda vegna starfsréttinda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur vegna starfsréttinda.

## **2. Mat á fjárhagslegu hæfi bjóðanda sbr. gr. 0.10.2 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna fjárhagslegs hæfis eru þrjúþættar um skil á opinberum gjöldum, skil á lífeyrissjóðsgjöldum og um eiginfjárstöðu bjóðanda.

*Krafa um skil á opinberum gjöldum:*

Lágmarkskrafa kaupanda um skil á opinberum gjöldum er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með opinber gjöld. [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað staðfestingu frá Skattinum um skuldleysi bjóðanda við innheimtumann ríkissjóðs, dags. 4. maí 2020, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_RSK skuldleysi 2020 05 04.pdf. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með opinber gjöld.

*Krafa um skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða:*

Lágmarkskrafa kaupanda er að „[b]jóðandi [skuli] vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. [...]“. Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað gögnum um stöðu lífeyrissjóðsgjalda hjá tveimur lífeyrissjóðum sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Gildi 2020 04 28.pdf og 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_VR 2020 04 28.pdf. Gögnin eru dagsett innan áskilinna tímamarka. Bjóðandi er skv. framlögðum upplýsingum í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

*Krafa um eiginfjárstöðu bjóðanda:*

Lágmarkskrafa kaupanda um fjárhagslegt hæfi er jafnframt „[b]jóðandi [skuli] vera vera með jákvætt eigið fé. [...]“. Þá er jafnframt krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. [...]“

Með tilboði bjóðanda var skilað ársreikningi fyrir árið 2018, sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Hopbilar hf. arsreikningur 2018 - UR.pdf*. Ársreikningurinn er endurskoðaður og áritaður af Vigni Rafni Gíslasyni, löggiltum endurskoðanda, án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Eigið fé bjóðanda er jákvætt við árslok 2018.

*Niðurstaða mats á fjárhagslegu hæfi bjóðanda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur um fjárhagslegt hæfi.

### **3. Um mat á tæknilegu og faglegu hæfi sbr. gr. 0.10.3 útboðsskilmála (fskj. I, kafli v)**

Lágmarkskröfur kaupanda vegna tæknilegs og faglegs hæfis eru þrjúþættar um reynslu bjóðanda, tæknilegt hæfi og kröfur um gæðastjórnun.

*Krafa um reynslu:*

Lágmarkskrafa kaupanda um reynslu er að „[b]jóðandi [skuli] tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins. Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.“ Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skili tvennskonar gögnum tengdum þessari kröfu. Annars vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu“ og hins vegar að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað upplýsingum um Hópbíla hf., sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Almennar upplýsingar um Hópbíla .pdf*. Tilgreindir eru eigendur og stjórnarmenn ásamt stjórnendum og starfsreynslu þeirra innan félagsins. Þá er þar vísað til sambærilegra verk þar sem tilgreint er að þeir starfsmenn sem hafa verið nefndir, hafi séð um þau verkefni. Þau verkefni eru sambærileg í þeim skilningi að um er að ræða akstur á fötludum eða öldruðum einstaklingum. Af hálfu bjóðanda voru veittar upplýsingar um nafngreindan starfsmann sem titlaður er rekstrarstjóri og hefur jafnframt verið í forsvari fyrir bjóðanda hönd við framkvæmd nógildandi samnings um aksturþjónustu fyrir fatlað fólk við kaupanda. Heimild kaupanda til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda voru taldar uppfylltar sbr. einnig áskilnaður 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafli iii). Var af hálfu kaupanda vísað til nefndra gagna og upplýsinga bjóðanda og óskað eftir staðfestingu á þeim skilningi kaupanda að viðkomandi starfmaður myndi hafa umsjón með framkvæmd samnings á grundvelli útboðsins og nánari upplýsingum um starfsreynslu hans.

Bjóðandi staðfesti framangreindan skilning kaupanda um hver yrði umsjónarmaður samnings fyrir hönd bjóðanda, sbr. *Svör við fyrirspurn Strætó Bs. dags 4.júní vegna útboðs 14799 .pdf.*, og upplýsti jafnframt að hann hefði starfað hjá bjóðanda í [REDACTED] en á þeim tíma hafi hann verið í [REDACTED]

[REDACTED] Bjóðandi telst því uppfylla kröfur útboðsskilmála um reynslu.

*Krafa um tæknilegt hæfi:*

Lágmarkskrafa kaupanda um tæknilegt hæfi er að „[b]jóðandi [skuli] hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna“. Þá er jafnframt krafist að bjóðandi skuli „skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð

bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7“.

Lágmarkskröfur útboðsskilmála um fjölda og útbúnað framboðinna hópferðabifreiða eru tilgreindar í gr. 2.0.7 útboðsskilmála (sjá fskj. I, kafla viii). Verður hér gerð grein þeim fyrir hluta lágmarkskrafna bjóðanda sem tilefni er til umfjöllunar með hliðsjón af tilboði bjóðanda en í 10. – 11. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála segir:

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Lagt verður til grundvallar að af framangreindu leiði *í fyrsta lagi* að lágmarkskröfur kaupanda til eiginleika framboðinna hópferðabifreiða séu eftirfarandi: (1) að þær séu fyrir 9 farþega; (2) að bifreiðarnar séu sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum; (3) að í hverri bifreið skuli vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými. *Í öðru lagi* að lágmarkskröfur kaupanda samkvæmt framansögðu séu að seljandi hafi þann 1. júlí 2020 yfir að ráða a.m.k. 25 bifreiðum með framangreindum eiginleikum og þann 1. september 2020 skuli fjöldi þeirra vera a.m.k. 45. *Í þriðja lagi* að framboðnar bifreiðar uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur sbr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála með þeirri tímabundnu undanþágu að fram til 1. júlí 2021 er bjóðanda heimilt að notast við bifreiðar sem hafa rampa í stað lyftna og ekki eru með myndavélakerfi sbr. 12. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála. Undanþága þessi var áréttuð í svari kaupanda við fyrirspurn nr. 3 í 1. viðauka við útboðsskilmála sem birt var 30. apríl 2020.

Bjóðandi lagði fram útprentaðar upplýsingar úr ökutækjaskrá CreditInfo dags. 4. maí 2020 yfir ■■■ bifreiðir í hans eigu og / eða umráðum sbr. sbr. 14799 - *Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799 Upplýsingar um bílafloata.pdf*. Í sama skjali eru einnig lagðar fram upplýsingar, samtals átta bls., um ■■■ bifreiðar til viðbótar en handskrifað er inn á fyrstu síðuna að átta stykki af þessari tegund verði tilbúnir u.þ.b. 1. júlí 2020 en jafnframt kemur fram í útprentuðum gögnum sem virðast stafa frá framleiðanda þeirra upplýsingar á frönsku um að afhendingardagur sé 4. júlí 2019. Með framangreindum gögnum lagði bjóðandi þannig fram upplýsingar um samtals 49 bifreiðar sem boðnar voru til þjónustunnar, þ.e. ■■■ bifreið sem hann hefur umráð yfir auk upplýsinga og gagna um ■■■ bifreiðar til viðbótar sem báru með sér að bjóðandi hafi orðið sér út um umráð þeirra fyrir skilafrest tilboða. Með framangreindum gögnum voru þó ekki að finna fullnægjandi upplýsingar af hálfu bjóðanda um eiginleika framboðinna bifreiða og varð því ekki ráðið af gögnum hvort að útbúnaður bifreiða væri í samræmi við lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála sbr. einnig áskilnað útboðsskilmála um framlögð gögn.

Af hálfu kaupanda var heimild hans talin standa til að óska eftir skýringarviðræðum við bjóðanda vegna framlagðra gagna og upplýsinga um tæknilegt hæfi líkt og kaupandi áskildi sér rétt til sbr. 3. mgr. gr. 0.8 útboðsskilmála (fskj. I, kafla iii) enda lágu þá fyrir gögn um umráð hans yfir ■■■ bifreiðum svo og gögn um ■■■ bifreiðar til viðbótar sem báru með sér að bjóðandi hafi orðið sér út um umráð yfir þeim fyrir opnun tilboða. Var af hálfu kaupanda vísað til útprentunar bjóðanda úr bifreiðaskrá með fyrrnefndum ■■■ bifreiðum auk nefndra gagna um ■■■ bifreiðar sem bera með sér að bjóðandi hafi fyrir skilafrest tilboða pantað þær hjá framleiðanda en í erindi kaupanda var ranglega staðhæft að gögnin bæru með

sér að afhendingardagur þeirra væri 4. júlí 2020. Var óskað eftir að bjóðandi „[sendi] gögn og / eða skýringar sem innihalda greinargóðar upplýsingar um hvernig fram boðnar bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla útboðsgagna nr. 2.0.7. til samræmis við nefnda kröfu útboðsgagna.“ Þá var athygli bjóðanda m.a. vakin á að við mat á tilboði hans „[væri kaupanda] óheimilt að taka tillit til hvers konar skýringa, lægfæringa eða viðbótarupplýsinga [bjóðanda] sem fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs þess eða ef hvers konar viðbótarupplýsingar eru líklegar til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun“ sbr. 2. máls. máls. 5. mgr. 66. gr. oil.

Af hálfu bjóðanda voru send viðbótargögn er telja 22 bls., sbr. *Útboð 14799 25MAI20.pdf*. Verður hér gerð grein fyrir framlögðum gögnum og upplýsingum um framboðnar [REDACTED] nýjar bifreiðar annars vegar og framboðnar [REDACTED] bifreiðar hins vegar.

Varðandi framboðnar átta nýjar bifreiðar ítrekaði bjóðandi, sökum fyrrnefndrar misritunar kaupanda, að bifreiðar þessar hafi verið framleiddar í apríl árið 2019 en bjóðanda hafi boðist að kaupa bifreiðarnar í febrúar sl. og staðfest kaup þeirra við [REDACTED] 5. mars sl. Afhending þeirra hafi tafist vegna veirufaraldurs í heiminum en afhending væri áætluð á tímabilinu frá miðjum júní nk. til miðs ágúst nk. Þá benti bjóðandi á að í öllu falli lægi fyrir að fjöldi framboðinna bifreiða sem bjóðandi hefði til afnota nú þegar væri fullnægjandi með hliðsjón af lágmarkskröfum útboðsskilmála um tilskilinn fjölda framboðinna bifreiða við upphaf þjónustu þann 1. júlí nk. Þá lagði bjóðandi fram umbeðnar upplýsingar um eiginleika nefndra [REDACTED] bifreiða svo og viðbótargögn til staðfestingar á umráðum hans yfir bifreiðum þessum, þ.e. tölvupóst frá [REDACTED] til bjóðanda dags. 22. maí sl., með upplýsingum um kaup þess félags á bílunum sem staðfest munu hafa verið 7. og 9. apríl sl. [REDACTED]

[REDACTED] Þá kom fram í tölvupóstinum að bjóðandi muni fá þessar bifreiðar og hann verði látinn vita um afhendingu um leið og flutningur bifreiðanna verði staðfestur við [REDACTED]. Samkvæmt framlögðum gögnum og upplýsingum bjóðanda um framboðnar [REDACTED] nýjar bifreiðar og eiginleika þeirra verður lagt til grundvallar að bifreiðarnar muni uppfylla lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála þann 1. september nk. Eftir atvikum má ætla að bjóðandi muni þurfa að framkvæmda á bifreiðunum einhverjar breytingar til samræmis við tæmandi kröfur útboðsskilmála um eiginleika þeirra en sá tími sem líður frá áætlaðri afhendingu þeirra fram til 1. september nk. er talinn raunhæfur til að framkvæma slíkar breytingar sem eftir atvikum verður þörf á.

Varðandi aðrar framboðnar bifreiðar lagði bjóðandi fram ítarlegar upplýsingar um eiginleika þeirra [REDACTED] bifreiða sem nú þegar eru kaupanda til umráða og afnota. Í gögnum þessum upplýsti bjóðandi, í máli og myndum, með skipulögðum hætti að eiginleikar þessara bifreiða væru í samræmi við allar lágmarkskröfur gr. 2.0.7 útboðsskilmála<sup>1</sup> með þeirri undantekningu að ekki var þar að finna upplýsingar um hvort að bifreiðar uppfylltu kröfu 7. mgr. gr. 2.0.7 sem er svohljóðandi:

Gerð er sú krafa að vél hópferðabifreiða uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðina á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum.

Heimild kaupanda til skýringarviðræðna, sbr. áskilnaður útboðsskilmála, vegna framangreindrar kröfu var talin uppfyllt. Var af hálfu kaupanda óskað eftir gögnum frá bjóðanda er staðfestu hvaða EURO staðal um losunarmörk framboðnar bifreiðar bjóðanda uppfylla. Bjóðandi upplýsti í framhaldinu, sbr. *Svör við fyrirspurn Strætó Bs. dags 4.júní vegna útboðs 14799 .pdf.*, að framboðnar bifreiðar uppfylltu ofangreinda kröfu um staðla varðandi útblástursmengun. Vísaði bjóðandi til ítarlegra upplýsinga úr bifreiðaskrá um eiginleika bifreiðanna sem fylgt hefðu tilboði hans en þar kæmu m.a. fram upplýsingar um nýskráningu þeirra. Þá leiddi af reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja með síðari

<sup>1</sup> Sjá fskj. II – Yfirferð á eiginleikum framboðinna bifreiða Hópbíla hf. sbr. tæknilegar kröfur útboðsskilmála.

breytingum svo og reglugerð EB nr. 595/2009 með síðari breytingum að Umferðarstofu hafi á sínum tíma verið óheimilt að nýskrá bifreiðar þessar ef þær uppfylltu ekki að lágmarki EURO VI staðalinn um losunarmörk. Af framkomnum gögnum, með hliðsjón af gildandi reglum við nýskráningu bifreiðanna, væri því nægilega í ljós leitt að bifreiðarnar uppfylltu kröfu 7. mgr. gr. 2.0.7. um losunarstaðla.

Af hálfu kaupanda var óskað eftir skýringarfundi með bjóðanda þar sem bjóðandi var beðinn um að hafa þrjár tilgreindar bifreiðar reiðubúnar til sjónrænnar úttektar. Skýringarfundur var haldinn þann 11. júní sl., á starfsstöð bjóðanda í Hafnarfirði þar sem mættir voru fjórir fulltrúar bjóðanda og tveir fulltrúar kaupanda. Í fundargerð eru eiginleikar þriggja bifreiða sem skoðaðar voru tilgreindar eins og gr. 2.0.7 útboðsskilmála gefur tilefni til að því leiti sem áskildir eiginleikar verða staðfestir með sjónrænni skoðun. Þá kemur fram varðandi EURO staðla um losunarmörk að bjóðandi hafi lagt fram skráningarvottorð fyrir tilgreinda bifreið þar sem fram koma upplýsingar um eigin þyngd hennar. Bjóðandi hafi ítrekað fyrra svar sitt til kaupanda, þ.e. að bifreiðar í þeim ökutækjaflokki og eiginþyngd sem framboðnar bifreiðar eru, þ.e. M<sub>2</sub> og eiginþyngd umfram 2.610 kg., hafi ekki uppfyllt þágildandi skilyrði fyrir nýskráningu nema þær uppfylltu skilyrði EURO VI staðalsins um losunarmörk. Því væri nægilega í ljós leitt að krafan væri uppfyllt.

Kaupandi óskaði í framhaldi af skýringarfundinum eftir upplýsingum hjá Samgöngustofu. Var óskað eftir upplýsingum og leiðbeiningu um hvort og hvernig finna mætti upplýsingar um EURO losunarstaðla í opinberum skráningum bifreiðaskrár um tiltekna bifreiðar. Var upplýst annars vegar að upplýsingar um EURO losunarstaðal væru ekki skráðar sérstaklega í bifreiðaskrá en hins vegar sendi Samgöngustofa fulltrúum ADVEL og Mannvits gerðarviðurkenningarvottorð níu framboðinna bifreiða sem lágu nýskráningu þeirra til grundvallar. Í 47. tölulið vottorðanna kemur fram að átta bifreiðar uppfylli losunarmörk EURO 5J staðalsins en ein uppfyllti EURO 5F staðalinn.

Viðmið EURO staðla um losunarmörk eru skilgreind í tveimur gerðum Evrópusambandsins sem jafnframt hafa verið teknar upp í EES samninginn. Annars vegar eru viðmið staðals um léttar bifreiðar skilgreind í gerð EB 715/2007 (EURO 5 og 6), með síðari breytingum, en staðalinn er auðkenndur með latneskum tölustöfum. Hins vegar eru viðmið staðals um þungavigt bifreiðar skilgreind í gerð EB 595/2009 (EURO VI), með síðari breytingum, og er staðallinn auðkenndur með rómverskum tölustöfum.

Fyrirnefndar níu bifreiðar bjóðanda uppfylla losunarmörk EURO 5 J/F staðalsins sem tekur til léttari bifreiða enda voru vélar þeirra framleiddar m.a. fyrir léttari bifreiðar. Þá verður lagt til grundvallar að kröfur um losunarmörk léttari bifreiða eru strangari en kröfur til þyngri bifreiða. Þar af leiðandi kemur til skoðunar hvort að bifreiðar sem uppfylla EURO 5 J/F staðalinn um losunarmörk léttari bifreiða uppfylli í reynd þau viðmið um losunarmörk sem liggja EURO VI staðlinum til grundvallar skv. gerð EB 595/2009 með síðari breytingum. Voru viðmið EURO 5, sbr. undirstaðall J og F, borin saman við viðmið EURO VI staðalsins og er samanburður þessi útlistaður í forskj. III með minnisblaði þessu. Líkt og þar kemur fram eru viðmið EURO VI staðalsins um losunarmörk ýmist jöfn eða hærrí en viðmið EURO 5 J/F staðalsins. Þegar af þeirri ástæðu verður lagt til grundvallar að losun framboðinna bifreiða bjóðanda uppfylli að lágmarki sömu viðmið og lögð eru til grundvallar kröfu útboðsskilmála um losunarmörk, þ.e. að lágmarki viðmið EURO VI staðalsins.

Samkvæmt 15. tölulið gr. 18.10 reglugerðar nr. 822/2004 með síðari breytingum uppfyllir bifreið kröfur um útblástursmengun ef hún uppfyllir þann staðal sem í gildi er á hverjum tíma samkvæmt EB reglugerð nr. 715/2007 (EURO 5 og 6) með síðari breytingum eða EB reglugerð nr. 959/2009 (EURO VI) með síðari breytingum. Þá liggur jafnframt fyrir að framboðnar bifreiðar bjóðanda eru þyngri en 2.610 kg. og í bifreiðaflokki nr. M<sub>2</sub>. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar EB 595/2009 (EURO VI), með síðari breytingum, falla framboðnar bifreiðar því undir ákvæði reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr.

EURO VI ber stjórnvöldum, frá og með 31. desember 2013, að hafna/banna nýskráningu, sölu og þjónustuveitingu bifreiða sem undir ákvæði reglugerðarinnar falla og uppfylla ekki losunarviðmið EURO VI staðalsins. Með vísan til framangreinds verður lagt til grundvallar að framboðnar bifreiðar bjóðanda, sem nýskráðar voru hjá Umferðarstofu eftir 31. desember 2013, uppfylli losunarviðmið EURO VI staðalsins enda leiðir af reglugerð nr. 822/2004 með síðari breytingum, sbr. tilvísanir hennar til nefndra EB reglugerða, að Umferðarstofu var óheimilt frá því tímamarki að nýskrá framboðnar bifreiðar ef þær uppfylltu ekki viðmið EURO VI staðalsins um losunarmörk.

Samandregið verður því lagt til grundvallar að framboðnar bifreiðar uppfylla lágmarkskröfur 7. mgr. gr. 2.0.7 útboðsskilmála um losunarmörk enda: (a) leiðir samanburður á viðmiðum EURO 5 J/F staðalsins og EURO VI staðalsins til þeirrar niðurstöðu sbr. fskj. III; og (b) það var skilyrði nýskráningar bifreiðanna á sínum tíma að bifreiðarnar uppfylltu skilyrði EURO VI.

#### *Krafa um gæðastjórnun:*

Lágmarkskrafa kaupanda um gæðastjórnun er að „[b]jóðandi [skuli] vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi [...]“. Þá er þess krafist að „[b]jóðandi [skili] með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.“

Með tilboði bjóðanda var skilað lýsingu á umhverfis og öryggisskýrslu Hópbíla hf., sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Útboð 14799, sbr. einnig, Umhverfisskýrsla 2019.pdf, umhverfis og öryggishandbók, sbr. 14799 - Sameigi\_Útboðsgögn nr. \_Hópbílar hf\_Umhverfis- gaeda- og oryggisskerfi.pdf. Einnig var skilað tölvupósti frá [REDACTED] sem staðfesti að bjóðandi séu með gilda umhverfisvottun ÍST ISO 14001:2015 og vinnuöryggisvottun OHSAS 18001:2007 og upplýsti að [REDACTED]

#### *Niðurstaða mats á á faglegu og tæknilegu hæfi bjóðanda:*

Bjóðandi uppfyllir lágmarksröfur um tæknilegt hæfi.

#### **4. Mat á tilboði bjóðanda að öðru leyti**

Bjóðandi skilaði með tilboði sínu öðrum gögnum sem krafist var af hálfu kaupanda sbr. stafliði D-G gr. 0.5 útboðsskilmála (fskj. I, kafli ii) um (a) undirverktaka; (b) starfskjör og keðjuábyrgð; og (c) samningstryggingu. Ekki er ástæða til efnislegrar umfjöllunar um þessi gögn.

Samkvæmt gr. 0.9 útboðsskilmála skal bjóðandi útilokaður frá gerð samnings á grundvelli útboðsins ef kaupanda er kunnugt um að tiltekin atvik eigi við um bjóðanda sjálfan eða tiltekna einstaklingar honum tengdum á opunardegi tilboða. Við mat á tilboði bjóðanda staðfesti fulltrúi kaupanda að honum væri ekki kunnugt um nein atvik er gætu átt undir ákvæðið. Þegar af þeirri ástæðu verður lagt til grundvallar að ekki sé ástæða til að útiloka bjóðanda á grundvelli ákvæðisins.

#### **5. Niðurstaða um mat á tilboði Hópbíla hf.**

Bjóðandi uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um hæfi vegna starfsréttinda, fjárhagslegs hæfis svo og faglegs og tæknilegs hæfis. Önnur framlögð gögn bjóðanda eru í samræmi við áskilnað útboðsskilmála og kaupanda er ekki kunnugt um atvik er útiloka bjóðanda frá samningsgerð á grundvelli gr. 0.9 útboðsskilmála.

Forsenda kaupanda fyrir vali tilboðs er skv. gr. 0.8 útboðsskilmála að kaupandi mun semja við þann bjóðanda sem býður hagkvæmasta verðið og jafnframt hefur gilt tilboð. Með hliðsjón af niðurstöðu

um ógildi tilboða bjóðenda nr. 1-4 er lagt til grundvallar að tilboð Hópbíla hf. sé hagkvæmasta gilda tilboðið og skilyrði séu því uppfyllt til þess að kaupandi geti tekið tilboði bjóðandans í samræmi við málsmeðferð VI. kafla oil um m.a. biðtíma samningsgerðar.

## IX. Samantekt

Alls bárust sex tilboð fyrir skilafrest í útboði Strætó bs. nr. 14799 sem opnuð voru á opnunarfundi þann 7. maí 2020. Bjóðendur, raðað frá lægstbjóðanda til hæstbjóðanda, eru: (1) Ferðó ehf.; (2) Akstursþjónustan ehf.; (3) Snæland Grímsson ehf.; (4) Toppa ehf.; (5) Hópbílar ehf.; og (6) Teitur Jónasson ehf.

Að mati ADVEL og Mannvits eru hæfiskröfur útboðsskilmála ekki uppfylltar í tilfelli bjóðenda 1-4 og eru tilboð þeirra því metin ógild sbr. 82. gr. oil og lagt til grundvallar að hafna verði tilboðum þeirra sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

Tilboð bjóðanda nr. 5 er gilt að mati ADVEL og Mannvits en með hliðsjón af niðurstöðu um tilboð bjóðenda nr. 1-4 er lagt til grundvallar að tilboðið uppfylli valforsendur kaupanda sbr. gr. 0.8 útboðsskilmála enda er tilboð bjóðanda nr. 5 fjárhagslega það tilboð sem hagkvæmast er og jafnframt gilt.

Að mati ADVEL og Mannvits eru því uppfyllt öll skilyrði útboðsskilmála til þess að kaupandi geti tekið tilboði bjóðanda nr. 5 í samræmi við málsmeðferð VI. kafla oil.

Virðingarfyllst,

f.h. ADVEL lögmanna slf.:

Hulda Katrín Stefánsdóttir  
lögmaður

f.h. Mannvits hf.

Sigurður Guðjón Jónsson  
verkfræðingur

### FYRIRVARI

Minnisblað þetta er byggt á þeim gögnum, upplýsingum og réttarheimildum sem vísað er til og í gildi eru þegar það er ritað og takmarkast við íslenskan rétt. Þær niðurstöður og ályktanir sem fram eru settar í minnisblaðinu byggjast á því að þau gögn og þær upplýsingar sem það grundvallast á séu fullnægjandi og réttar. Minnisblaðið á einvörðungu við um álitafni sem sérstaklega eru tilgreind í efni þess. Ekki er rétt að byggja á efni þess einu og sér við ákvarðanatöku um málefni þau sem minnisblaðið fjallar um. Minnisblaðið er afrakstur þverfaglegs samstarfs ADVEL og Mannvits (álitsveitendur) enda krefst mat á tilboðum aðkomu lögfræðinga og verkfræðinga. Álitsveitendur bera ábyrgð í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Hugsanleg skaðabótaábyrgð vegna efnis minnisblaðs þessa takmarkast við fjárhæð er nemur að hámarki tvöfaldri heildarþóknun vegna minnisblaðsins.

# Fylgiskjal I.

## i. Efni útboðsskilmála um gerð, framsetningu og afhendingu tilboðs

### 0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari útlistun í útboðsgögnum.

#### 0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Strætó bs. (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð bera þeir sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins. Kaupandi gerir þá kröfu að einn aðili komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samningsins og standi kaupanda öll skil.

#### 0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

[tekið út til styttingar.]

#### 0.2 Fyrirspurnir og viðaukar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnir skulu merktar númeri útboðs og sendar í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða sendir og birtir handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Handhafar útboðsgagna bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

#### 0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði.

#### 0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði sem hann skal bera samkvæmt þessum útboðsgögnum. Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, sem



hljótast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

#### **0.4.1 Tilboð í hluta**

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

#### **0.4.2 Fyrirvarar**

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði vísað frá.

#### **0.4.3 Frávikstilboð**

Frávikstilboð eru óheimil.

### **ii. Efni útboðsskilmála um fylgigögn sem fylgja skulu tilboðum**

#### **0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði**

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

##### **A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda**

✓ Gögn samanber kafla 0.10.1.

##### **B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu**

✓ Gögn samanber kafla 0.10.2.

##### **C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu**

✓ Gögn samanber kafla 0.10.3.

##### **D. Upplýsingar um undirverktaka**

✓ Gögn samanber kafla 1.10.

##### **E. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð**

✓ Gögn samanber kafla 1.11.

##### **F. Upplýsingar um samningstryggingu**

✓ Gögn samanber kafla 1.20.

## G. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

Til hægðarauka fyrir bjóðendur eru ákveðnar málsgreinar í köflum vegna ofangreindra liða A-F merktar með eftirfarandi hætti: ✓, sé bjóðendum skylt að skila gögnum til staðfestingar á að kröfur um hæfi sé uppfyllt. Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingum tilboðs.

### iii. Efni útboðsskilmála um valforsendur kaupanda

#### 0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eða hafna því eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda

### iv. Efni útb.sk. um ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

#### 0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfiráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

### v. Efni útboðsskilmála um kröfur sem gerðar eru til hæfis bjóðenda

#### 0.10 Hæfi bjóðanda

### 0.10.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur sem eru lögaðilar skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Sé bjóðandi ekki skráður í fyrirtækjaskrá á Íslandi skal hann skráður á sambærilegan hátt í viðkomandi landi.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. Sé bjóðandi ekki skráður í fyrirtækjaskrá á Íslandi skal hann skila með tilboði sínu afriti af sambærilegri skráningu í viðkomandi landi.

Bjóðendur skulu hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

- ✓ Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.

### 0.10.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera í skilum með opinber gjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði staðfestingu um skil opinberra gjalda fyrir alla aðila.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði staðfestingu um skil lífeyrissjóðsiðgjalda fyrir alla aðila.

Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera með jákvætt eigið fé.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði síðastgerðum ársreikningi fyrir alla aðila

### 0.10.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins. Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.

Bjóðandi skal hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna.

- ✓ Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúna hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7.

Bjóðandi skal skila með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.

Framhald krafna kaupanda sbr. grein 0.5 í útboðsskilmálum

## **vi. Efni útboðsskilmála um samþykki tilboðs og samning**

### **0.11 Samþykki tilboðs og samningur**

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður samningsform undirritað. Fyrir undirritun samnings skal bjóðandi leggja fram samningstryggingu í samræmi við kafla 1.20.

## **vii. Efni útb.sk. um önnur fylgigögn sem fylgja skulu tilboðum sbr. gr. 0.5**

### **1.10 Skuldskeyting – undirverktaka**

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um undirverktaka, ef við á, og hvaða þátt/þætti þjónustunnar hann hyggst láta undirverktaka vinna

### **1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð**

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

- ✓ Þjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

## 1.20 Samningstrygging

Til tryggingar því að seljandi standi við allar skuldbindingar sínar við kaupanda vegna verkefnis þessa afhendir hann kaupanda samningstryggingu fyrir undirritun samnings.

Trygging skal miðast við 1% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til samningsloka.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að kaupandi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki kaupanda, sjá fylgiskjal 3.

- ✓ Þjóðandi skal skila með tilboði sínu yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að þjóðandi muni fá samningstryggingu vegna útboðs þessa, án skilyrða.

## viii. Efni tæknilýsinga sem þýðingu hefur við mat á tilboðum þjóðenda

### 2. Tæknilýsing

#### 2.0.7 Bifreiðar og búnaður

Almennt gildir að útbúnaður bifreiða skal að öllu leyti uppfylla reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja með síðari breytingum.

Auk almennra krafna gildir eftirfarandi:

- Miðstöð skal vera í aftasta hluta farþegarýmis.
- Bakstuðningur og höfuðpúði skal vera fyrir hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í bifreiðum í hjólastólum, stærð og staðsetning skal vera skv. reglugerð.
- Allar bifreiðar skulu vera útbúnar lyftum til að flytja hjólastóla í og úr bifreiðunum. Burðargeta lyftu skal vera a.m.k. 350 kg.
- Í öllum bifreiðum skal vera öryggismyndavél ásamt læsanlegum myndþjóni, seljandi skjal kosta búnað, uppsetningu og allar tengingar. Sjá nánar grein 2.0.11. Sjónarhorn myndavéla skal ná öllu farþegarými á mynd ásamt sýn á inngang í hliðarhurð og afturhurð.
- Gólfefni í bifreið skal vera með skriðöruggu yfirborði.
- Allar hæðarbreytingar á gólfi eins og tröppur skulu merktar sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að ganga um bifreiðar. Hæð frá gólfi bifreiða til lofta skal að lágmarki vera 1.800 mm.

- Handföng/armar skulu vera beggja vegna við hliðarhurð fyrir öruggt og þægilegt aðgengi. Öll handföng/armar skuli vera í lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að finna þau.
- Í öllum bifreiðum skal vera a.m.k. einn beltalás og einn öryggishnífur til þess að skera á öryggisbelti í neyðartilvikum. Hnífur skal vera festur upp á áberandi stað í bílstjórarými.
- Í öllum bifreiðum skulu vera a.m.k. tvö laus öryggisbelti til framlengingar.

Kaupandi gerir kröfu um að í öllum bifreiðum seljanda sem nota á til aksturs hreyfihamlaðra, skuli vera P-merki (t.d. til að setja í glugga) sem veitir seljanda leyfi til að leggja í sérmerkt stæði fyrir fatlað fólk. Auk þess gerir kaupandi þá kröfu um að bifreiðar séu merktar með hringlaga merki Strætó bs. á öllum hliðum, kaupandi leggur merkið til en seljandi skal sjá um að líma það á bifreiðar. Ekki eru gerðar kröfur um frekari merkingar bifreiða. Merkingar bifreiða skulu samþykktar af kaupanda.

Seljandi skal uppfylla lög og reglugerðir um fólksflutninga.

Allar hópferðabifreiðar seljanda sem hann hyggst nota í þetta verkefni skulu uppfylla kröfur samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og skal eftirlit með gæðum og búnaði fylgja ritinu „Handbók um gæða- og tæknikröfur sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001“ gefin út af Vegagerðinni, sjá einnig [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/skodunarhandbok\\_hopbila/\\$file/HandbókHópferðabíla2\\_003.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/skodunarhandbok_hopbila/$file/HandbókHópferðabíla2_003.pdf).

Jafnframt er gerð krafa um að allar hópferðabifreiðar, sem notaðar verða til aksturs séu með öryggisbeltum fyrir alla farþega.

Gerð er sú krafa að vél hópferðabifreiða uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðina á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum.

Komi til endurnýjunar á hópferðabifreiðum seljanda á samningstímanum er seljandi hvattur til þess að velja umhverfisvænar bifreiðar. Seljandi skal upplýsa kaupanda um fyrirætlanir um endurnýjun bifreiða komi til þess á samningstímanum. Kaupanda er heimilt, en ekki skylt, að greiða hærra tímagjald fyrir bifreiðar sem endurnýjaðar eru á samningstímanum og ganga 100% fyrir hreinum orkugjafa (þ.e. ekki „hybrid“ eða „plug in hybrid“), t.d. rafmagni, vetni eða metan, sjá nánar kafla 1.1.

Ef seljandi notar hópferðabifreiðar sem krefjast þess að íblöndunarefni sé sett í eldsneytistank, getur kaupandi krafist þess að seljandi færi sönnur á að íblöndunarefnið sé keypt og notað í hópferðabifreiðar.

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Hafi seljandi ekki yfir að ráða nægjanlegum fjölda bifreiða útbúnum með lyftum er honum heimilt að notast við bifreiðar útbúnar með römpum fyrsta ár samningstímans, þ.e. fram til 30. júní 2021. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar með lyftu. Notist seljandi við bifreiðar til bráðabirgða

fyrsta ár samningtímans er ekki gerð krafa um að sett sé upp myndavélakerfi í viðkomandi bifreiðum. Frá og með 1. júlí 2020 skulu allar bifreiðar útbúnar myndavélakerfi.

Falli bifreið úr akstri, t.d. vegna bilana eða óhappa, skal seljandi útvega aðra bifreið í stað þeirrar sem fellur út.

## Fylgiskjal II - Yfirferð á tæknilegum kröfum til bifreiða

		Fjöldi bifreiðar sem boðnar eru til verksins, og er nú þegar í rekstri, og uppfylla lágmarkskröfur útboðsskilmála (stk.)	Fjöldi nýrra bifreiða sem sem boðnar eru til verksins, og uppfylla lágmarkskröfur útboðsskilmála (stk.)	Samtals fjöldi bifreiða sem boðnar eru til verksins og uppfylla lágmarkskröfur útboðsskilmála (stk.)	Athugasemd (ef við á)
	<b>Tæknilegar kröfur skv. grein 2.07</b>				
<b>A</b>	<b>Kröfur til fjölda bifreiða</b>				
A.1	<p>45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.</p> <p>Þann 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum.</p> <p>Þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.</p>	■	■	49	<p>Sjá tilboðsgögn bjóðanda og bréf bjóðanda dags. 25.05.2020.</p> <p>Varðandi nýjar bifreiðar sem boðnar eru til verksins liggur fyrir staðfesting frá bjóðand um að þeim bifreiðum verði breytt samkvæmt kröfum útboðsgagna. Út frá grunngerð nýrra bifreiða sem boðnar eru til verksins er staðfest að hægt er að breyta þeim bifreiðum þannig að þær uppfylli lágmarkskröfur útboðsgagna.</p>
<b>B</b>	<b>Umhverfiskröfur</b>				
B.1	<p>Gerð er sú krafa að vél hópferðabifreiða uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðina á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum.</p>	■	■	49	<p>Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 08.06.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.</p> <p>Sjá einnig Fylgiskjal III - Euro staðlar, samanburður á gildum fyrir Euro 5a/5b og Euro VI</p>
<b>C</b>	<b>Sérkröur til bifreiða</b>				
C.1	Miðstöð skal vera í aftasta hluta farþegarýmis.	■	■	49	<p>Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.</p>
C.2	Bakstuðningur og höfuðpúði skal vera fyrir hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í bifreiðum í hjólastólum, stærð og staðsetning skal vera skv. reglugerð.	■	■	49	<p>Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.</p>



C.3	Allar bifreiðar skulu vera útbúnar lyftum til að flytja hjólastóla í og úr bifreiðunum. Burðargeta lyftu skal vera a.m.k. 350 kg.  Hafi seljandi ekki yfir að ráða nægjanlegum fjölda bifreiða útbúnum með lyftum er honum heimilt að notast við bifreiðar útbúnar með römpum fyrsta ár samningstímans, þ.e. fram til 30. júní 2021. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar með lyftu.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.  Af 41 bifreið sem bjóðandi bíður til verksins og eru nú þegar í rekstri eru 38 bifreiðar útbúnar með lyftu, 2 bifreiðar útbúnar með rampi og 1 bifreið er í breytingu.
C.4	Í öllum bifreiðum skal vera öryggismyndavél ásamt læsanlegum myndþjóni, seljandi skjal kosta búnað, uppsetningu og allar tengingar. Sjá nánar grein 2.0.11. Sjónarhorn myndavéla skal ná öllu farþegarými á mynd ásamt sýn á inngang í hliðarhurð og afturhurð.  Notist seljandi við bifreiðar til bráðabirgða fyrsta ár samningstímans er ekki gerð krafa um að sett sé upp myndavélakerfi í viðkomandi bifreiðum. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar myndavélakerfi				Sjá upplýsingar um myndavélakerfi í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020. Þar kemur einnig fram að bjóðandi byrjar að innleiða myndavélakerfi í bifreiðar í september 2020 og lýkur þeirri vinnu samkvæmt útboðsgögnum.
C.5	Gólfefni í bifreið skal vera með skriðöruggu yfirborði.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.6	Allar hæðarbreytingar á gólfi eins og tröppur skulu merktar sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að ganga um bifreiðar.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.7	Hæð frá gólfi bifreiða til lofts skal að lágmarki vera 1.800 mm				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.8	Handföng/armar skulu vera beggja vegna við hliðarhurð fyrir öruggt og þægilegt aðgengi. Öll handföng/armar skuli vera í lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að finna þau.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.9	Í öllum bifreiðum skal vera a.m.k. einn beltalás og einn öryggishnífur til þess að skera á öryggisbelti í neyðartilvikum. Hnífur skal vera festur upp á áberandi stað í bílstjórarými.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.10	Í öllum bifreiðum skulu vera a.m.k. tvö laus öryggisbelti til framlengingar.				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020 og fundargerð skýringarfundar dags. 11.06.2020.
C.11	Gerð krafa um að allar hópferðabifreiðar, sem notaðar verða til aksturs séu með öryggisbeltum fyrir alla farþega				Sjá upplýsingar í bréfi bjóðanda dags. 25.05.2020.

**Bjóðandi hefur yfir að ráða nægjanlegum fjölda bifreiða þannig að lágmarkskröfur útboðsskilmála eru uppfylltar.**

### Fylgiskjal III - Euro staðlar, samanburður á gildum fyrir Euro 5a/5b og Euro VI

Í töflum hér að neðan eru tekin saman gild sem sett eru fram um losunarmörk fyrir annars vegar Euro 5a/5b fyrir létt atvinnutæki með díselvélar og hins vegar fyrir þung atvinnutæki með díselvélar.

Euro 5 F/J uppfyllir Euro 5b staðal um losunarmörk sbr. viðaka I í skjali á neðangreindri vefslóð:

<https://www.rsa.ie/Documents/Vehicle%20Std%20Leg/Information%20Notes/Information%20Note%20for%20Euro%205%20and%206%20Emissions%20Regulations%20for%20light%20passenger%20and%20commercial%20vehicles%20amended%20Feb%202012.pdf>

Upplýsingar í neðangreindum töflum eru fengnar af eftirfarandi vefslóðum:

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:02007R0715-20121231>

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:02009R0595-20190814>

European emission standards for light commercial vehicles >1760 kg reference mass max 3500 kg

Disel	CO	NO <sub>x</sub>	HC+NO <sub>x</sub>	PM	PN
EURO 5a	0,74	0,28	0,35	0,005	
EURO 5b	0,74	0,28	0,35	0,0045	6x10 <sup>11</sup>

European emission standards for heavy-duty diesel engines

Dísel	Test cycle	CO	HC	NO <sub>x</sub>	NH <sub>3</sub> (PPM)	PM mass	PN
EURO VI	WHSC	1,5	0,13	0,4	10	0,01	8x10 <sup>11</sup>
EURO VI	WHTC	4	0,16	0,46	10	0,01	6x10 <sup>11</sup>

Út úr töflum hér að ofan má lesa eftirfarandi:

- CO – Gildi fyrir CO er lægra fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI.
- HC – Fyrir Euro 5a/5b er ekki gefið upp sérstakt HC gildi heldur samanlagt gildi fyrir HC og NO<sub>x</sub>. Út frá því gildi má lesa að HC fyrir Euro 5a/5b sé lægra samanborið við Euro VI.
- NO<sub>x</sub> – Gildi fyrir NO<sub>x</sub> er lægra fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI.
- HC+NO<sub>x</sub> – Samanlagt gildi fyrir HC og NO<sub>x</sub> er lægra fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI.
- NH<sub>3</sub> – Fyrir Euro 5a/5b er ekki gefið upp sérstakt gildi fyrir NH<sub>3</sub>. Notkun NH<sub>3</sub> er aðallega ætluð til þess að lækka NO<sub>x</sub> í stærri bifreiðum. Gildi fyrir NO<sub>x</sub> er lægra fyrir Euro 5a/5b (án notkunar á NH<sub>3</sub>) samanborið við Euro VI (með notkun á NH<sub>3</sub>).
- PM – Gildi fyrir PM er lægra fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI.
- PN – Gildi fyrir PN er lægra eða það sama fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI.

Eins og kemur fram hér að framan þá eru gildi fyrir losunarmörk ávallt lægri fyrir Euro 5a/5b samanborið við Euro VI og af því leiðir að bifreiðar sem uppfylla Euro 5a/5b eru umhverfisvænni og mengi minna en bifreiðar sem uppfylla Euro VI.